



**BEITUSALI SEM BÝÐUR UPP  
Á ÓDÝRAR BOLTAFERÐIR**

**Lækkað verð**

**299 kr.**  
allar tegundir



**Krambúðin**



# VÍKURFRÉTTIR

FIMTUDAGUR 4. APRÍL 2024 // 13. TBL. // 45. ÁRG.

## Afmælishátíð Hljómahallar á laugardaginn

Hljómahöll fagnar tíu ára afmæli næstkomandi laugardag, 6. apríl, en Hljómahöll var formlega opnuð þann 5. apríl 2014. Af því tilefni verður opið hús á milli 14:00 og 17:00.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, flytur afmælisávarp. Tónlist verður flutt í Stapa, Bergi og á Rokksafni Íslands. Á meðal þeirra sem koma fram eru Páll Óskar, Briet, Friðrik Dór, Fríða Dís, Bambalína og fjöldi atriða frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Vínplötumarkaður verður á staðnum í tilefni dagsins og verður Tónlistarskóli Reykjanesbæjar með opið hús og sýnir aðstöðuna sína. Myndasýningar verða frá starfi Hljómahallar undanfarin tíu ár. Boðið verður upp á léttar veitingar. Þá verður ókeypis aðgangur að Rokksafni Íslands um afmælishelgina dagana 5.-7. apríl.



Sögu Hljómahallar má lesa á þremur síðum í blaðinu í dag.



VF/SAM FINNBOGASON

## Hitaveita með eldgos í bakgarðinum

Eldgosið við Sundhnúksvíkardöna, sem hófst að kvöldi laugardagsins 16. mars, er enn í gangi og hefur staðið í næstum þrjár vikur. Gossprungan var í upphafi goss um 3,5 kílómetrar. Á fyrstu klukkustundum gossins rann hraun yfir Grindavíkurveg norðan varnargarða við Svartsengi. Nú gýs aðeins í tveimur gígum við Sundhnúk og hraunrennslið er til suðurs. Varnargarðar við Grindavík hafa sannað gildi sitt. Ef þeirra hefði ekki notið má gera ráð fyrir að hrauntungur, sem garðarnir hafa leitt frá bænum, hefðu náð inn í byggð. Ekki hefur reynt á varnargarða við Svartsengi. Þeim er ætlað að verja orkuveríð og þá innviði sem þar eru. Í Svartsengi er framleitt heitt vatn fyrir byggðina á Suðurnesjum. Á myndinni að ofan má sjá eldgosíð í bakgarði orkuversins og hluta af varnargarðinum sem er ætlað að verja innviðina í Svartsengi.

## Þórkötlu boðnar 550 fasteignir í Grindavík

■ Bæjarfulltrúinn Gunnar Már Gunnarsson spyr hvort bæjarbúar séu tilbúir til að tvístra Grindavík.

Fasteignafélaginu Þórkötlum hf. hafa borist óskir frá um 550 Grindavíkum um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík. Úrræði félagsins getur náð til um 900 fasteigna í Grindavík og þ.a.l. hefur Þórkötlum verið boðið að kaupa rúman helming fasteigna einstaklinga í Grindavík. Félagið stefnir að því að hefja kaupin í byrjun apríl. Vinna stendur yfir hjá félaginu, Stafrænu Íslandi og sýslumönnum við undirbúning á uppgreiðslu lána, afléttingu kvaða og nauðsynlega skjalgæringu. Í tilkynningu frá félaginu segir að mörgum fyrirspurnum frá Grindavíkum hefur verið svarað og unnið er að greiningu og flokkun umsókna.

Í reglugerð um framkvæmd kaupanna segir að afhendingardagur húsnæðis skuli vera einum til þremur mánuðum eftir undirritun kaupsamninga. Þannig má reikna með að fyrstu eignirnar verði afhentar fasteignafélaginu í byrjun maí. Endanlegur afhendingardagur verður ákveðinn í samráði við seljendur.

Gunnar Már Gunnarsson, bæjarfulltrúi Miðflokksins í bæjarstjórn Grindavíkur, skrifaði ítarlegan pistil á samfélagsmiðla um páskana þar sem hann veltir upp stöðu mála og spyr spurninga. „Erum við of fljót á okkur í þessum uppköpunum? Það eru ekki sex mánuðir liðnir frá 10. nóvember og við erum komin með um 2/3 þeirra sem falla



undir þann rétt að geta nýtt sér uppkaupt húsnæði sínu hafa nú þegar sótt um. Sumir sjá hag í því að gera það þar sem brunabótamat er mun hærra en verðmat á húsnæðinu þeirra. Aðrir eru bara alls ekki í það góðum málum,“ skrifar Gunnar Már og bætir við: „Ég hef engan áhuga á því að flytja frá mínu samfélagi og búa einhverstaðar annarsstaðar en í Grindavík. Það sem við áttum hér saman öll var dýrmætt og flott samfélag af harðduglegu fólki hvort sem er í vinnu

eða sjálfbodaliðum. Erum við tilbúin til að tvístra því og reyna að bindast öðru samfélagi þar sem það þarf að skipuleggja alla vinnuhatt- inga barnanna með fyrirvara, allir með lykla eða kóða af nýja húsnæðinu sínu þar sem enginn þorir að hafa ólæst lengur og geta treyst á nágriannan að fylgjast með ef þú fórst eitthvað í lengri tíma. Þannig samfélög heilla mig ekki og það að horfa upp á íþróttafélögin okkar leysast upp hægt og hægt eins og litlu og meðalstóru fyrirtækin okkar í Grindavík á meðan ekkert er gert til uppbyggingar er virkilega sárt að horfa upp á.“

Færslu Gunnars Márs Gunnarssonar má lesa í ítarlegri útgáfu af þessari frétt á vf.is.

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

**ALLT**  
FASTEIGNASALA



DÍSA  
DISA@ALLT.IS  
560-5510



ÁSTA MARÍA  
ASTA@ALLT.IS  
560-5507



HELGA  
HELGA@ALLT.IS  
560-5523



ELÍNBORG ÓSK  
ELINBORG@ALLT.IS  
560-5509



UNNUR SVAVA  
UNNUR@ALLT.IS  
560-5506



ELÍN  
ELIN@ALLT.IS  
560-5521



HAUKUR  
HAUKUR@ALLT.IS  
560-5525



SIGURJÓN  
SIGURJON@ALLT.IS  
560-5524



PÁLL  
PALL@ALLT.IS  
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



# Vilja flytja nýtt raðhús úr Grindavík í Garðinn

Kimar ehf. hafa óskað eftir lóð í Garðinum í Suðurnesjabæ fyrir nýtt fimm íbúða einingaradhús sem yrði flutt af grunnni úr Grindavík á nýja lóð.

Framkvæmda- og skipulagsráð Suðurnesjabæjar segir í afgreiðslu sinni á umsókninni að lóðir í 2. áfanga Teiga- og Klapparhverfis verða ekki byggingahæfar fyrr en á vormánuðum. Núgildandi út-

hlutunarreglur um lóðir í Suðurnesjabæ gera ráð fyrir því að almennt séu allar lóðir auglýstar til umsókna sem eru til úthlutunar. Ráðið getur því ekki orðið við þeirri ósk að ráðstafa sérstaklega lóðum til almennra byggingaraðila nema Suðurnesjabær felli úr gildi eða breyti núverandi reglum um úthlutun lóða.




Lóðir í öðrum áfanga Teiga- og Klapparhverfis verða ekki byggingahæfar fyrr en á vormánuðum.

## Handhafar Baunabréfs fái frítt í strætó á hátíðinni

Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt að frítt verði í strætó Reykjanesbæjar meðan barna- og ungmennahátíðin stendur yfir dagana 2. til 12. maí 2024 gegn framvisun Baunabréfs.

Þá hefur bæjarráð óskað eftir kostnaðarmati á beiðni um að ekið verði eftir helgaráætlun sunnudagana 5. og 12. maí til að jafna aðgengi allra íbúa að hátíðinni.



**Allt hreint**  
Umhverfissvöttuð ræstingarþjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

**16 FERÐIR Á DAG**  
**ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM**  
**SUÐURNES - REYKJAVÍK**  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

**CARGOFLUTNINGAR.IS**

845 0900 **f** FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



Gervigrasvöllurinn í Reykjanesbæ. Nú er tekist á um staðsetningu samskonar vallar í Suðurnesjabæ. VF/Hilmar Bragi

## Samráðsteymi komi með tillögu um staðsetningu gervigrasvallar í Suðurnesjabæ

Bæjarráð Suðurnesjabæjar hefur samþykkt samhljóða að samráðsteymi um uppbyggingar- og viðhaldsáætlun íþróttamannvirkja verði falið að vinna tillögu um staðsetningu gervigrasvallar og skili tillögu til bæjarráðs fyrir 20. maí 2024.

„Bæjarráð leggur áherslu á að knattspyrnufélögin taki fullan þátt og ábyrgð við vinnu að tillögu um staðsetningu vallarins. Jafnframt vinni samráðsteymið að framtíðarsýn um uppbyggingu íþróttamannvirkja og í samstarfi við íþróttafélögin að framtíðarsýn um starfsemi þeirra,“ segir í afgreiðslu bæjarráðs frá því í síðustu viku.

Umrætt samráðsteymi var samþykkt á 67. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar. Starfsmaður umhverfissviðs, forstöðumaður íþróttamannvirkja og íþrotta- og tómsundafulltrúi sitji í samráðsteyminu.

Íþróttafélögin Reynir og Víðir hafa ekki getað komið sér saman um hvar völlum skuli staðsettur – og þar stendur hnífurinn í kúnni. Búið er að samþykka 200 m.kr. fjárveitingu í verkið á þessu ári, 140 m.kr. á því næsta og 50 m.kr árið 2026.

### Hjörtu félaganna þurfa að renna saman í eitt



Anton Kristinn Guðmundsson, fulltrúi B-lista í bæjarstjórn Suðurnesjabæjar og formaður bæjarráðs, segir að íþróttafélögin hafi ekki getað komið sér saman um staðsetningu vallarins og boltinn því verið sendur á bæjarstjórnina til að fá niðurstöðu; „sem náði ekki að mynda pólitíska samstöðu um málið,“ segir hann.

„Ég er auðvitað kjörinn sem fulltrúi fólksins og við erum að sýsla með almannafé, svo ég horfi aðallega í hvað þetta kostar því það eru fleiri brýn mál og kostnaðarsöm inni á borði Suðurnesjabæjar. Mér finnst mikilvægt að fá íþróttafélögin að borðinu og að þau myndi sameiginlega sýn á uppbyggingu íþróttastarfs í Suðurnesjabæ.“

Ég held að til að fá botn í þetta mál þurfi hjörtu félaganna að renna saman í eitt. Nú er ég ekki héðan, ég kem úr Grindavík og er alinn upp við eitt sterkt

ungmennafélag. Mér finnst því eðlilegt að spyrja hvort ekki sé rétt að horfa til þess að sameina félögin undir einn hatt. Spyrja hvort við viljum vera með tvö félög sem eru í sífelldri baráttu í neðri deildunum eða hvort við viljum vera með eitt sterkt lið og horfa til efri deildanna, jafnvel þeirrar efstu.

Það þarf að fara dýpra í samtalið og byggja upp ungmennafélagsandann hér í bæ.“

### Mikilvægt að þetta sé unnið í sátt við íþróttafélögin og samfélagið

Einar Jón Pálsson, forseti bæjarstjórnar og fulltrúi D-lista í bæjarstjórn Suðurnesjabæjar, sagði að málefni gervigrasvallar sé í ferli og hann vildi lítið tjá sig um málið utan þess að hann komi að öllum líkindum til með að una þeirri niðurstöðu sem samráðsteymið skili af sér.



„Þar til nefndin skilar af sér álitni hef ég ekki mikið um málið að segja. Það er mikilvægt að þetta sé unnið í sátt við íþróttafélögin og samfélagið. Ef félögin koma sér saman um staðsetningu vallarins þá mun ég að sjálfsögðu styðja það,“ segir Einar Jón.

### Vill sjá nýjan gervigrasvöll rísa á milli byggðakjarnanna



Jónína Magnúsdóttir, fulltrúi O-lista í bæjarstjórn Suðurnesjabæjar, segist vilja sjá nýjan gervigrasvöll rísa á milli bæjarkjarnanna Sandgerðis og Garðs. „Með því er verið að hugsa um uppbyggingu til framtíðar ásamt jafnræði í aðgengi allra bæjarbúa. Stórar ákvarðanir sem þessar ættu alltaf að vera teknar með tilliti til stefnu og framtíðarsýnar,“ segir hún.

Jónína bendir á að hægt er að byggja völlum upp í áföngum og; „með því að setja hann í miðjuna erum við einnig að taka áþreifanleg og mikilvæg skref í að sameina byggðakjarnana enn frekar.“

## Vinna áfram með tillögur barna og ungmenna

Tillögur ungmennaráðs af Barna- og ungmennahátíð Reykjanesbæjar voru teknar fyrir í sjálfbærniáætlun Reykjanesbæjar á dögunum. Anna Karen Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri sjálfbærnimála, tók saman drög að verkefnum sem kynnt voru á fundinum og lagt var til að tekin yrðu strax fyrir þrjú verkefni sem hægt er að ráðast í á næstu vikum og mánuðum.

Verkefni sem voru valin eru að fjölga útiflokkunartunnum á skólalóðum, í skráðgördum og við Fjörheima. Fjölga tækifærum til að ungmenni geti sagt sína skoðun á umhverfismálum og að bæta lýsingu í ungmennagarðinum og á Öllavelli.

Sjálfbærniáætlun mun fylgja verkefnum eftir með fulltrúa ungmenna í ráðinu, Silju Kolbrúnu Skúladóttur, í þéttu samstarfi við



Ólaf Berg Ólafsson, umsjónarmanni ungmennaráðs.

Þá mun sjálfbærniáætlun auk þess halda áfram að rýna í verkefni og koma með verkefni sem hægt er að fara af stað með seinna á

árinu og á næsta ári með tilliti til fjárhagsáætlunar, segir í fundargerð ráðsins. Tillögum ráðsins var vísað til umhverfis- og skipulagsráðs til frekari skoðunar.



# Allt fyrir helgina!

Tilboðin gilda 4.–7. apríl

**Pylsu-  
partý  
á undir  
1.000 kr.  
og enn  
ódyrara  
með appinu!**



**KJÖTSEL**

40%

Helgarsteik í maríneringu  
**1.499** kr/kg  
2.499 kr/kg

**KJARNAFÆÐI**

35%

Lamba-sirloin, sneiðar  
**2.489** kr/kg  
3.829 kr/kg

**nettó**

38%

Nettó vínarpylsur, 5 stk.  
**229** kr/pk  
369 kr/pk

**nettó**

15%

Nettó pylsubrauð, 5 stk.  
**237** kr/pk  
279 kr/pk

**Krossmói**  
Opið 10–19

**Íðavellir**  
Opið 10–21



**Xtra**

Steiktur laukur, 200 g  
**199** kr/stk

**VALS**

Tómatósósa, 430 g  
**300** kr/stk



Betra  
verð  
með  
appinu!



**nettó**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.





## Ný austurálma mun stækka flugstöðina um 30% - framkvæmdir ganga vel

Framkvæmdir í nýrri austurálmu flugstöðvarinnar ganga vel og með vorinu mun hluti af annarri hæð álmunar opna með nýju veitingasvæði í brottfararsal. Nýja austurálman mun stækka flugstöðina um 30% og er hún lykilkjörinn í framtíðarþróun flugvallarins. Með henni bætast við fjórir nýir landgangar og tvö rútuhlið sem bæta afgreiðslu flugvéla og auka upplifun farþega.

Um mitt síðasta ár opnaði fyrsti hluti álmunar þegar nýtt farangursflokkunarkerfi í kjallara var tekið í notkun sem og nýr komusalur með farangursmóttöku fyrir farþega. Ný og stærri komuverslun fríhafnarinnar er langt á veg komin og opnar von bráðar. Ný salernisaðstaða fyrir gesti í komusal mun opna bráðlega, ásamt nýrri aðstöðu fyrir týndan farangur. Í haust mun öll

önnur hæð álmunar opna með fjórum nýjum landgöngum og nýju rútuhliði. Þá mun farþegasvæðið einnig stækka til muna og ný salerni verða tekin í notkun samhliða.

Næsti áfangi í þróun flugvallarins, bygging tengibyggingar, er þegar hafin.

Víkurfréttamynd: Hilmar Bragi Bárðarson

## Jamestown-strandið rætt í næstu sagnastund á Garðskaga

Sagnastund á Garðskaga verður haldin laugardaginn 6. apríl 2024 kl 15:00. Helga Margrét Guðmundsdóttir, formaður Áhugafélags um Jamestown-strandið, segir frá félaginu og hvað vakti áhuga hennar á farmi skipsins.



Saga skipsins er orðin nokkuð þekkt en minna hefur verið fjallað um þau miklu áhrif sem tilkoma þessa stóra timburfarms hafði á

sínum tíma. Forvitnilegt er að heyra frá þeim miklu áhrifum sem þessi óvænti hvalreki hafði á húsbyggingar um Suðurnes og víðar. Áhrifin voru mikil á menningu og mannlíf. Sagt verður frá þeim húsum sem þekkt er að byggð voru úr timburfarmi Jamestown.

Allir velkomnir á Garðskaga, ekki aðgangsgjald, veitingahúsið verður opið. Léttar veitingar í boði.

Áhugamenn um sagnastund á Garðskaga



## Óskar svara hjá bæjarstjóra

„Mér finnst nokkuð sérstakt að bæjarstjóri skuli lýsa sig vanhæfan til frekari vinnu við undirbúning verkefnisins. Það blasir við að bæjarstjóri er ósáttur við þær breytingar sem búið er að samþykkja að verði gerðar á rokksafninu og flutningi bókasafnsins. Ég hefði nú haldið að það teldist ekki vera vanhæfi þó menn væru ósammála,“ segir Margrét Þórarinsdóttir, oddviti Umbótar, á bæjarstjórnarfundum í Reykjanesbæ 2. apríl þar sem hún vitnar til flutnings bókasafns Reykjanesbæjar í Hljómhóll.

Í bókuninni segir Margrét jafnframt: „Ég spyr því háttvirtan bæjarstjóra, sem er ráðinn embættismaður, hyggst hann lýsa sig vanhæfan í öðrum málum sem meirihlutinn felur honum að framkvæma og hann er ósammála hugmyndafræðilega?

Það eitt að vera ósammála er ekki grundvöllur fyrir ráðinn embættismann að lýsa sig vanhæfan. Stundum þarf að taka erfiðar ákvarðanir og þær lúta oftast en ekki að draga úr kostnaði og skera niður útgjöld. Kannski á bæjarstjóri erfitt með að taka erfiðar ákvarðanir og vill komast hjá því að vera bendlaður við ákvarðanatöku sem er erfið, en engu að síður nauðsynleg. En þetta er nú bara hluti af því að vera bæjarstjóri.

Í ljósi framangreinds óskar Umbót eftir því að bæjarstjóri svari eftirfarandi. Hvernig rökstyður bæjarstjóri ákvörðun sína um að hann sé vanhæfur með tilliti til stjórnsýslulaga og sveitarstjórnarlaga? Nú er langt um liðið síðan bæjarstjóri var skólastjóri Tónlistarskólans og ekki er hægt að sjá hvernig það starf lítur að þessari ákvörðun, þannig það er nú varla gild ástæða.

Bæjarstjóri veit nákvæmlega hvers vegna það er nauðsynlegt að færa bókasafnið. Ný staðsetning í húsnæði Hljómahallar er sú besta í stöðunni, auk þess sem hún er mjög miðsvæðis í bæjarfélaginu. Þetta snýst allt um kostnað. Nýtt bókasafn kostar margfalt það sem hér er lagt upp með.“



## Ekki sammála ráðningu verkefnastjóra

„Sjálfstæðisflokkurinn situr hjá í máli er tengist ráðningu verkefnastjóra við flutning bókasafnsins í Hljómahóll og segir í bókun að hann hafi áður lagt áherslu á að ekki sé tímabært að taka ákvörðun um flutninginn fyrr en heildarmynd er komin á áhrifin á aðrar stofnanir og starfsemi Hljómahallar auk kostnaðarárætlunar við verkefnið í heild sinni.

Ljóst er að kostnaðurinn við verkefnastjórn eingöngu slagar hátt upp í þá áætlun sem sett var fram í skýrslu forseta bæjarstjórnar þar sem rökin fyrir ákvörðun meirihlutans komu fram.“ Málið var til umræðu á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 2. apríl.



STARFSMANNAFÉLAG  
SUÐURNESJA

## AÐALFUNDUR STARFSMANNAFÉLAGS SUÐURNESJA

Verður haldinn þriðjudaginn 16. apríl 2024 kl. 20:00 í Krossmóa 4a, 5. hæð, 260 Reykjanesbæ.

Kosning stjórnar skv. 7 gr. laga.  
Í kjöri eru tveir aðalmenn í stjórn til tveggja ára.  
Í kjöri eru tveir varamenn í stjórn til eins árs.

Venjuleg aðalfundarstörf,  
samkvæmt lögum félagsins.

Önnur mál.

Léttar veitingar í boði.

Félagar hvattir til að mæta.

Stjórn STFS

## Fagnar fríum skólamáltíðum

Margrét Þórarinsdóttir, oddviti Umbótar í bæjarstjórn Reykjanesbæjar, fagnar kjarasamningum og fríum skólamáltíðum og bókaði um málið á bæjarstjórnarfundum 2. apríl.

„Ég tek undir bókun bæjarráðs og fagna þessum kjarasamningum. Reykjanesbær ætlar að taka mið af yfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga sem felur í sér að halda aftur af hækkingu gjaldskráa. Það sem er sérstaklega ánægjulegt við kjarasamningana er að skólamáltíðir verði gerðar gjaldfrjálsar. Grunnskólinn á að vera gjaldfrjáls og þar með talið skólamáltíðir. Undirrituð hefur ítrekað

lagt fram fyrirspurnir, bókanir og tillögur varðandi gjaldfrjálsan eða niðurgreiddan skólamat fyrir fjölskyldur í Reykjanesbæ. Tillögum mínum hefur verið mætt af áhuga-leysi en meirihlutinn hefur ítrekað fellt tillögur mínar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir niður. Hins vegar hefur árangur náðst um systkinaafslátt þegar kemur að þriðja barni og aukin niðurgreiðsla eftir fjölda barna. Með innleiðingu þessara kjarasamninga þarf ég ekki að koma með fleiri tillögum um gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Nú verða öll börn jöfn og geta neytt matar í skólun Reykjanesbæjar óháð efnahag foreldra.“





# GRILL- DAGAR

Tilboð gilda frá 4. - 17. apríl



SKANNAÐU  
KODANN  
OG SJÁÐU  
ÖLL TILBOÐIN

á [www.byko.is/grillum-saman](http://www.byko.is/grillum-saman)



# VERKFAERA- DAGAR

Tilboð gilda frá  
4. - 17. apríl



SKANNAÐU  
KODANN  
OG SJÁÐU  
ÖLL TILBOÐIN

á [www.byko.is/verkfaeradagar](http://www.byko.is/verkfaeradagar)

**20-50%**  
AF RAFMAGNS-  
OG HAND-  
VERKFAERUM

á ekki við um garðverkfæri

## BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



S P R U N G U H R E Y F I N G  
 R Æ Ð R I D N Ó B A L A D F A  
 R U D D A L E G K Ý D N A S F  
 U Ó G S J R G R U Ð Ú P A O F  
 G E S U Ó R O T N J K M R R A  
 G A R P A N Ý U E S S T Ó G L  
 Ö S M N Ý R A N B K U G K U L  
 L Ý G M D R D R I É E T Ó F Ú  
 G A T X H A P P A R A T Ó K Ý  
 A S P É L O T A L Ó D G I M P  
 N D B A Á I Ó S Ú Ð I S E L Æ  
 L A U S N I R S P É L F U A L  
 A S I Ó K J T A Ú S Ý G N A B  
 T Æ Ý A Ð G E R T K Ö S Ú R T  
 Ú I T I B I Ð Æ R U K K E R H

SAMSKIPTI  
 TEKETILL  
 ENDALAUST  
 LOTA  
 DRAUGUR  
 PASSAR  
 APPARAT  
 TALNAGLÖGGUR  
 SORG  
 HREKKUR

RUDDALEG  
 AFDALABÓNDI  
 SPRUNGUHREYFING  
 LESIÐ  
 GAFFALL  
 ASI  
 LAUSNIR  
 AGNAR  
 TREGÐA  
 HRAUN

Gangi þér vel!

# Fyrsta frystitogarálöndunin í Grindavík eftir hamfarirnar

■ Þorbjörn hefur alltaf hafið vinnslu í Grindavík við fyrsta tækifæri

„Grindavík er okkar heimahöfn, við löndum þar ef við getum,“ segir Eiríkur Óli Dagbjartsson, útgerðarstjóri frystitogara hjá Þorbirni, en fyrsta löndun eftir hamfarirnar 10. nóvember átti sér stað þriðjudaginn 2. apríl þegar Tómas Þorvaldsson kom í heimahöfn.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is

„Síðasta löndun hjá okkur var 24. október, þá var það líka Tómas Þorvaldsson sem landaði en síðan þá hafa hann og Hrafn Sveinbjarnarson landað í Hafnarfirði. Við erum grindvískt fyrirtæki og ef við getum landað í Grindavík gerum við það.“



Tómas fór út 7. mars og er að landa verðmætum upp á 282 milljónir, 500 tonn sem gerir um 750 tonn upp úr sjó. Hann fer síðan út annað kvöld, við þurfum að gefa okkur tvo daga í löndun þegar svo mikið magn er.“

Þorbjörn hefur verið með vinnslu í Grindavík þegar það hefur verið heimilt og Eiríkur er bjartsýnn á framhaldið.

„Við vorum byrjaðir með vinnslu í lok nóvember og fyrsta löndun úr ísfisktogara var 30. nóvember. Vinnslan var komin á fullt en svo þurftum við að hætta 18. desember en við höfum alltaf hafið vinnslu um leið og það hefur verið leyft. Ég leyfi mér að vona að það versta sé yfirstaðið, var ekki Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur að gefa í skyn að þetta sé síðasta eldgosíð við Grindavík, ég veit svo sem ekkert hvað hann hefur fyrir sér í því, vona bara að hann hafi rétt fyrir sér. Varnargarðarnir veita okkur mikið öryggi og ég



Eiríkur með starfsmanni Klafa löndunarþjónustu.

trúi því að uppbygging geti hafist í Grindavík fljótlega. Sjálfur gisti ég heima hjá mér í fyrsta sinn um páskana síðan við þurftum að rýma 10. nóvember og það var æðislegt. Við hjónin stefnum á að flytja til Grindavíkur sem fyrst, ég held að það sé bara bjart framundan,“ sagði Eiríkur að lokum.



## Marsmánuður nokkuð góður þrátt fyrir greinilega stýringu á úthaldi

Þegar þessi pistill er skrifaður þá er gabbdagurinn mikli 1. apríl og spurning hvort eitthvað sé að marka þennan pistil. Hann gæti nú bara verið apríl-gabb út í eitt. Við skulum sjá til með það, það eru í raun bara þið lesendur góðir sem þurfið að meta hvort það sem fram kemur hérna að neðan sé gabb eða ekki, þó þessi pistill sé skrifaður 1. apríl.

Alla vega er marsmánuður liðinn og þá er hægt að líta yfir hvernig bátunum gekk að veiða. Byrjum á togurunum. Það var búið að koma fram um Sturlu GK og hversu vel henni gekk í mars en báturinn endaði með 811 tonn í ellefu löndunum og mest 82 tonn í löndun. Yfir aðra togara í mars þá endaði Sturla GK í fimmta sæti yfir landið sem er feikilega gott miðað við að fullfermi hjá Sturlu GK er aðeins um 82 tonn. Til samanburðar er fullfermi 178 tonn hjá Þórunni Sveinsdóttur VE sem var aflahæst með 892 tonn í mars. Áskell ÞH var með 438 tonn í fimm og Vörður ÞH þar rétt á eftir með 434 tonn í fimm löndunum, Sóley Sigurjóns GK 236 tonn í tveimur og fór síðan norður til Siglufjarðar á rækjuveiðar og landaði þar 22 tonnum í einni löndun.

Hjá dragnótatunum var Sigurfari GK með 182 tonn í níu róðrum og mest 29 tonn í róðri, Sigi Bjarna GK 149 tonn í tíu og mest 23 tonn í löndun, Benni Sæm GK 127 tonn í átta og mest 20 tonn í löndun og Aðalbjörg RE 84 tonn í átta og mest 13,7 tonn í löndun.

Hjá netabátunum var Erling KE með 417 tonn í tuttugu róðrum og mest 51,5 tonn í einni löndun, Friðrik Sigurðsson ÁR 219 tonn í 22 róðrum og mest 16 tonn, Halldór Afi GK 59 tonn í tuttugu og mest 8,3 tonn í löndun.



Hraunsvík GK 29 tonn í sjö róðrum og mest 8 tonn í löndun og Sunna Líf GK með 18,6 tonn í níu róðrum og mest 5,4 tonn í löndun.

Línubátarnir veiddu mjög vel í mars eins og hina mánuðina og þeir bátar frá Suðurnesjunum náðu yfir 500 tonn afla. Sighvatur GK var með 514 tonn í fjórum róðrum og mest 152 tonn í einni löndun, landað í Hafnarfirði, Valdimar GK 536 með tonn í sjö róðrum og mest 105 tonn í löndun og landaði báturinn í Þorlákshöfn, Hafnarfirði og Sandgerði, 153 tonnum var landað í Sandgerði.

Hjá minni bátunum var Auður Vésteins SU með 194 tonn í nítján róðrum, Óli á Stað GK 182 tonn í fimmtán, Gísli Súrsson GK 176 tonn í þrettán, Kristján HF 169 tonn í tólf, öllu landað í Sandgerði. Hópsnes GK var með 112 tonn í fjórtán róðrum, Margrét GK 111 tonn í aðeins átta róðrum, Sævík GK 84 tonn í átta, Dúddi Gísli GK 82 tonn í fimm, Daðey GK 64 tonn í sjö, Vésteinn GK 37 tonn í fimm og Gulltoppur GK 50 tonn í tíu róðrum sem landað var á Siglufirði. Hinir bátarnir lönduðu mestöllum sínum afla í Sandgerði.

Færabátunum fjölgaði ansi mikið og var veiði þeirra mjög góð

### AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson gisli@aflafrettir.is



Þegar bátarnir komust á sjóinn, t.d. var Sigurey ÍS með 9,3 tonn í fjórum róðrum og mest 3,4 tonn í löndun, Viktor Sig HU 4,1 tonn í fimm róðrum, að mestu ufsi, Huld SH 28 tonn í tólf róðrum og mest 3,3 tonn í löndun og báturinn endaði sem aflahæsti smábátur landsins í mars undir átta tonnum að stærð en öllum þessum afla var landað í Sandgerði. Fagravík GK 29 tonn í tíu róðrum og mest 3,1 tonn í löndun, Sella GK 8,7 tonn í átta róðrum, Líf GK 8,4 tonn í ellefu, Þórðis GK 7,6 tonn í fimm, Dímon GK 4,4 tonn í fjórum, Sæfari GK 4,2 tonn í fjórum og Agla ÍS 3,6 tonn í fimm róðrum.

Svona heilt yfir þá má segja að marsmánuður hafi verið nokkuð góður þó svo að greinilegt væri að stýring var á úthaldi, sérstaklega hjá línubátunum enda réru minni bátarnir frekar fáa róðra miðað við febrúar og janúar – en það kom ekki að sök því mokveiði var hjá þeim og sést það best á Margrétu GK sem aðeins fór í átta róðra en náði samt 111 tonnum, það gerir um 13,8 tonn í róðri að meðaltali.

**SUÐURNESJA**  
**VF** **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bílaveiðgerðir**  
**Smurþjónusta**  
**Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
 sími 421 7979  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**  
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**  
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrnúmskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is // f





# HLJÓMAHÖLL 10 ÁRA

ÞÉR ER BOÐIÐ Í AFMÆLISVEISLU



Í tilefni af 10 ára afmæli Hljómahallar verður blásið til afmælisveislu laugardaginn 6. apríl á milli kl. 14-17.



Gestir munu geta notið lifandi tónlistar víðs vegar um húsið, skoðað Rokksafn Íslands og Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.



Á meðal þeirra sem koma fram eru Páll Óskar, Bríet, Fríða Dís, Friðrik Dór, Drottningin sem kunnir allir nema... og frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar koma fram Léttisveitin, bjöllukórar, hljómsveitir úr rytmísku deild, nemendur úr söngdeild og margt fleira. Vínýlplötumarkaður verður á staðnum.



Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, flytur afmælisávarp.



Léttar veitingar í boði.

Öll velkomin!







Allt klárt fyrir árs hátíð í Stapa.

## BÍTLABÆRINN OG HLJÓMAHÖLL

Fréttir bárust af því í mars 2004 að komin væri fram hugmynd um að byggja tónlistar- og ráðstefnumiðstöð við Félagshéimilið Stapa í Ytri-Njarðvík. Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanessbæjar kynnti hugmyndina á íbúafundum sem haldnir voru víðsvegar um sveitarfélagið. Fram kom að gert væri ráð fyrir að Tónlistarskóli Reykjanessbæjar yrði þungamiðja starfseminnar í húsinu og að þar ætti að vera aðstaða fyrir kóra og tónlistarhópa. Jafnframt var gert ráð fyrir að poppmínjasafnið fengi aðstöðu í byggingunni. Samkvæmt fréttum voru eigendur Stapan áhugasamir, en Reykjanessbær átti á þeim tíma 33% í húsinu, sem höfðu fylgt með þegar sveitarfélagin á svæðinu voru sameinuð undir nafninu Reykjanessbær.

Þessi hugmynd var kynnt til að fá viðbrögð sem flestra á svæðinu um stofnun eignarhalds- og rekstrarfélags um þessa framkvæmd. Það var tekið skýrt fram að enn hefði ekki verið tekin nein ákvörðun varðandi byggingu tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar í bænum. Hugmyndin fékk yfirleitt góðar viðtökur meðal bæjarbúa og fannst mörgum þetta vera spennandi hugmyndir.

Tillaga um að ganga til samninga við Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. var samþykkt í bæjarstjórn með atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins en fulltrúar A-lista greiddu atkvæði á móti. Bæjarráð Reykjanessbæjar gekk til samninga við Fasteign um að hefja undirbúning og framkvæmd við endurbætur á félagshéimilinu Stapa í september 2007. Fram kom í fréttum að kostnaður vegna fyrirhugaðra framkvæmda við byggingu fyrir tónlistarskóla og poppmínjasafn væru áætlaðar 1,5 milljarður. Reiknað var með að drífa verkið af og taka bygginguna í notkun eftir tvö ár. Einnig kom fram að byggingin fengi nafnið Hljómahöll. Þess var getið að nafnið tengdist ekki hinni frægu keflvísku bítlahljómsveit Hljómum. Greint var frá því að Tónlistarskóli Reykjanessbæjar fengi fullkomið kennsluhúsnæði og að gert væri ráð fyrir góðri tónleika- og upptökuástöðu í húsinu. Margir höfðu áhyggjur af því að Stapanum yrði fornað en fram kom að endurbæta ætti Stapa-salinn og koma öllu húsnæðinu í nútímalegt horf þannig að það gæti áfram þjónað sem best því hlutverki að vera félagshéimili sveitarfélagsins og fallið að nýjustu kröfum. Það eina sem ætti að rífa var viðbygging sunnan við húsið þar sem Fjörheimar höfðu aðsetur og að sú starfsemi færðist í annað hús. Böðvar Jónsson sagði frá því að koma ætti poppmínjasafninu fyrir í viðunandi framtíðarhúsnæði og að í byggingunni væri gert ráð fyrir ráðstefnuástöðu fyrir minni og millistórar ráðstefnur. Ragnar Atli Guðmundsson hélt um alla þræði hjá Fasteign sem var í rauninni framkvæmdaðili byggingarinnar.

## UNDIRBÚNINGUR

Undirbúningshópur vann að þarfagreiningu fyrir nýja húsið. Reiknað var með að skólinn rúmaði 600 nemendur og að poppmínjasafnið fengi veglegt rými í húsinu. Farið var í könnunarferðir til annarra landa til að skoða hvernig poppsöfn voru uppbyggð

og síðan var hafist handa við skipuleggja og hanna húsið. Guðmundur Jónsson arkitekt í Noregi, sem hafði m.a. hannað Víkingaheima, teiknaði hina nýju Hljómahöll. Guðmundur var með mikla reynslu í hönnun menningarhúsa á Norðurlöndunum og lagði m.a. fram mjög áhugaverðar hugmyndir um það hvernig nýta mætti stafræna og gagnvirka tækni á fjölbreyttan hátt. Hugbúnaðarfyrirtækið Gagarín var ráðið til að vinna að þeim hluta og THG arkitektar höfðu umsjón og eftirlit með öllum framkvæmdum við húsið. Sá sem hélt utan um það verkefni var Samúel Guðmundsson, byggingatækni-fræðingur. Verkefnisstjóri af hálfu Reykjanessbæjar var Haraldur Árni Haraldsson skólastjóri Tónlistarskóla Reykjanessbæjar. Framkvæmdir hófust í febrúar 2008 og átti að vera lokið í júní 2009 samkvæmt upphaflegri áætlun. Verktakafyrirtækið Atafli fór með aðalverktöku og umsjón með einstökum verkhlutum og undirverktökum. Þeir sáu einnig um að ráða verktaka til að sinna mismunandi verkþáttum.

Meðal þeirra sem voru í undirbúning- og hugmyndahópi Hljómahallar, sem hittist reglulega á fundum, voru Jakob Frimann Magnússon og Rúnar Júlíusson, einn helsti hvatamaður þessa verkefnis. Jónatan Gardarsson var ráðinn til að skrásetja poppsöguna og vinna þá texta sem setja átti upp í væntanlegu safni og gera drög að fyrstu sýningu safnsins. Rúnar og Jónatan unnu náið saman á þessu stigi og Björn G. Björnsson kom fljótlega inn í hópinn. Björn var ráðinn til að skipuleggja sýninguna sjálfa og setja hana upp, enda þaulvanur slíkri vinnu. Þegar Rúnar lést skyndilega í desember 2008 voru hann og Jónatan í miðjum klíðum að undirbúa söfnun poppmuna og minja. Andlát Rúnars var reiðarslag fyrir alla en sannfærði þá sem að verkinu unnu um að ekki mætti láta deigan síga heldur halda minningu Rúnars á lofti með því að klára verkið og koma poppmínjasafninu í Hljómahöllina. Þetta var ekki eina áfallið. Efnahagshrun dundi yfir hinn vestræna heim haustið 2008 með þeim afleiðingum að íslenska bankakerfið riðaði til falls. Þetta setti allt á annan endann og óvissan um framhaldið var mikil. Þrátt fyrir það var ákveðið að halda áfram en draga seglin saman og einfalda verkefnið eins og kostur var án þess að tapa nokkru af heildarmyndinni. Þessi óvænta staða varð til þess að ákveðið var að endurskoða framkvæmda- og kostnaðaráætlun byggingarinnar.



Hljómahöll í byggingu.

## HÖNNUN OG HUGMYNDAVINNA

Á upphafsstigum verkefnisins var rætt um að hafa rúmgóðan kjallara undir öllu húsinu, en vegna mikils kostnaðar við þá framkvæmd var fallið frá hugmyndinni. Þegar undirbúningshópurinn skoðaði erlend poppsöfn vakti það athygli hversu mörg þessara safna voru með lokuð gluggalaus rými þar sem auðvelt var að vinna með gagnvirkt margmiðlunarefni. Það var eitt af því sem arkitektinn Guðmundur lagði mikla áherslu á í sinni hugmyndavinnu. Rætt var um það fram og aftur hvort hægt væri að útbúa heilmýndir (hologram) af Hljómum og gefa fólki kost á að taka þátt í tónlistarflutningi og fá síðan



Hljómahöll í Reykjanessbæ.

# HLJÓMAHÖLL

upptöku af flutningnum til að taka með sér heim. Þessi og fleiri ámóta hugmyndir voru settar til hliðar og hafist handa við að endurhugsa sýninguna og skipulag sýningar-svæðisins. Þetta leiddi til þess að lögð var áhersla á að poppmínjahlutinn fengi sýningarstöðu á torgi í miðju hússins. Lögð var áhersla á að nýta það rými eins vel og kostur var án þess að leggja í of mikinn kostnað.

Þegar framtíðarsýn Reykjanessbæjar var kynnt á bæjarstjórnarfundum í febrúar 2012 kom fram að stefnt væri að því að ljúka framkvæmdum við Hljómahöllina og taka hana í notkun að fullu árið 2014.

Þessi áætlun gekk upp. Árið 2013 var skipuð sérstök stjórn Hljómahallar sem í sátu Kjartan Már Kjartansson, formaður, Inga Birna Ragnarsdóttir, Kamilla Ingibergsdóttir, Valgerður Guðmundsdóttir og Kjartan Þ. Eiríksson. Fyrsta verk stjórnarinnar var að ráða Tómas Young sem framkvæmdastjóra.

Breyttar áherslur, minna rými og annarskonar nálgun poppmínjahlutans kallaði á nýja hugsun og öðruvísi lausnir en upphaflega var lagt upp með. Ákveðið var að skera allan texta verulega niður, falla frá margmiðlunar- og gagnvirkni hlutanum og finna aðrar lausnir sem gætu átt við í því rými sem húsnæðið bauð upp á eftir breytingarnar. Þetta þýddi að það þurfti að velja og hafna, leggja áherslu á tímalínu, flæði atburða og meginþætti íslenskrar poppsögu. Nauðsynlegt var að sleppa mjög mörgu og treysta á að meginþættir skiluðu sér þrátt fyrir það. Mesta vinnan fór í að velja og hafna og finna jafnvægi sem hægt væri að una við. Unnið var að miklum krafti við að koma öllu heim og saman og það tókst með hjálp fjölmargra aðila og jákvæðu hugarfarfari.

## HLJÓMAHÖLL OPNAR

Opnunarhátíð Hljómahallar, Rokksafns Íslands og Tónlistarskóla Reykjanessbæjar, var haldin laugardaginn 5. apríl 2014 og mætti fjöldi manns til að fagna þessum merka áfangi í sögu tónlistar, menningar og safna á Íslandi. Þá voru sex ár liðin frá því að Rúnar Júlíusson, Ragnheiður Skúladóttir og Böðvar Jónsson tóku fyrstu skóflustunguna að viðbyggingu við Stapa.

Böðvar Jónsson, forseti bæjarstjórnar, Árni Sigfússon, bæjarstjóri og Kjartan Már Kjartansson, formaður stjórnar Hljómahallar, tóku til máls og Kjartan Már stýrði samkomunni.

Fjölbreytt tónlistardagskrá var í boði þennan dag og þau sem komu fram voru Léttveit Tónlistarskóla Reykjanessbæjar, Elíza Newman, Valdimar Guðmundsson, Páll Óskar, Magnús og Jóhann, Magnús Kjartansson, Sönghópur Suðurnesja og að lokum Hljómur.

Eftirfarandi útlistun á hlutverki Hljómahallar birtist í tengslum við opnunarhátíðina:

Hljómahöll er ný tónlistar- og menningarmiðstöð í Reykjanessbæ. Hlutverk hennar er að vera mikilvægur vettvangur fjölskrúðugs mannlífs, ráðstefnuhalds, funda og menningarviðburða í Reykjanessbæ. Hið sögufræga félagshéimili Stapi er hluti af Hljómahöll og þjónar áfram sinu hlutverki eins og áður. Auk þess er nýtt Rokksafn Íslands hluti af

Hljómahöll en því er ætlað að verða aðdráttarafl fyrir innlenda og erlenda ferðamenn sem vilja kynnast og upplifa popp- og rokksögu Íslands. Í húsi Hljómahallar hefur Tónlistarskóli Reykjanessbæjar einnig fengið nýtt og glæsilegt kennsluhúsnæði. Með tilkomu Hljómahallar er lagður grunnur að auknum atvinnutækifærum í skapandi greinum á Reykjanesi.

Þarna kom nafnið Rokksafn Íslands í fyrsta sinn opinberlega fram á prenti og þar með var nafnið Poppmínjasafn Íslands formlega lagt niður.

Hljómahöll er vel búin fyrir tónleikahald í stærri kantinum en líka fyrir minni tónleika. Gamli Stapasalurinn hafði allur verið endurnýjaður og hljóðhannaður með nýjustu tækni í huga. Salurinn tekur allt að 450 manns í sæti og fleiri þegar um standandi viðburði er að ræða. Minni salurinn nefnist Berg og tekur um 130 tónleikagesti í sæti. Sá salur er nefndur eftir Hólmsbergi í Keflavík. Valdimar Harðarson arkitekt hannaði stólana í salnum og nefndi þá Magna. Tveir góðir flyglar voru valdir sérstaklega af færustu mönnum fyrir þessa sali, annarsvegar Bösendorfer Grand konsert flygill fyrir Stapa og Steinway & Sons flygill af C gerð sem er í Bergi. Þar fyrir utan er litill kvikmyndasalur í Rokksafni Íslands sem fékk nafnið Félagsbíó eftir kvikmyndahúsinu í Keflavík sem tók til starfa 1955 en var lagt niður árið 1998. Þar að auki voru salirnir búnir fullkomnum hljómflytningubúnaði og ljósabúnaði af bestu gerð.



Munir á Rokksafni Íslands.

## MUNIR OG MINJAR

Fyrst í stað var gengið út frá því að sýningin sem sett var upp til að byrja með gæti laðað gesti að Rokksafninu. Haldið var áfram að leita til tónlistarfólks og safnara og óskað eftir áhugaverðum gripum, hljóðfærum og öðru sem tengdust popp- og rokksögu landsins. Meðal þess sem bættist fljótlega við safnmuni var Ludwig trommusett sem Gunnar Jökull hafði átt, kjóll sem var í eigu Ellyjar Vilhjálms, kjóll sem Emiliana Torrini klæddist í myndbandinu Jungle Drum, lúðrasveitarjakki úr fórum Stuðmanna sem notaður var í kvikmyndinni Með allt á hreinu, stytta af Barða Jóhannssyni í Bang Gang, pianetta sem Ragnar Bjarnason átti, tréskúlpútur af Hjúlmum sem listakonan Aðalheiður Eysteinsdóttir gerði, fót af Rúnari Júlí, Hauki Morthens, Helenu Eyjólfsdóttur, Önnu Vilhjálmsdóttur, Herberti Guðmundssyni og fleirum. Hljóðfæri og munir tengdir Hljómum voru í öndvegi í miðju safninu sem



Frá Rokksafni Íslands.





# HJÓMAHÖLLIN 10 ÁRA

Fyrsta skóflustunga að Hljómahöllinni í Reykjaneshöfðum var tekin 26. janúar 2008. Það voru þau Ragnheiður Skúladóttir, tónlistarkennari, Bæddvar Jónsson, formaður bæjarráðs, og Rúnar Júlíusson, tónlistarmaður, sem tóku fyrstu skóflustungurnar.



og gripir frá tónlistarfólki af Suðurnesjum og frá landinu öllu.

Páll Óskar Hjálmtýsson afhenti Rokksafninu þann 31. mars 2014 alla búninga sína og tónleikafatnað til eignar. Þetta var fatnaður frá því að hann byrjaði að safna búningum eftir að hann lék í Rocky Horror árið 1991. Margir búninganna höfðu verið sérsaumaðir fyrir Pál Óskar. Þar að auki gaf hann safninu allar gull- og platinuplötur sínar og marga aðra persónulega muni.

Sett var upp sérsýning í Rokksafninu með munum úr fórum Páls Óskars og átti að opna hana laugardaginn 14. mars 2015. Veðurguðirnir gripu þá í taumana því það var snælduvitlaust veður þannig að sýningaropnuninni var frestað fram á sunnudaginn 15. mars. Daginn eftir hélt Páll Óskar upp á 45 ára afmælið sitt.

## SÉRSÝNINGAR

Sýningin fékk nafnið Páll Óskar – Einkasafn poppstjörnu. Henni var skipt upp í nokkur tímabil og var einskonar yfirlitssýning um líf Palla. Þar mátti sjá fatnað, úrklippur, teikningar, skart, auglýsingar, vinnubækur, dagatöl, gamlan Nokia 6110 síma sem Páll notaði í 14 ár og listaverk. Gestum gafst m.a. kostur á að syngja með Palla á nokkrum upp-tökum frá ferli hans og hljóðblanda lögin að eigin geðþótta.

Páll Óskar var mjög ánægður með hvernig til tókst og lofaði safnið, hrósaði starfsfólkinu og þeim sem höfðu verið svo framsýnir að opna þetta mikilvæga safn og starfrækja það af svona miklum myndarbrag. Þegar árið



Með blik í auga og Rokkveislán mikla.



Frá opnun sýningarinnar Þó líði ár og öld þar sem ferli Björgvins Halldórssonar var gerð skil.

sýndi margar hliðar Björgvins sem hefur fengist við margt annað en tónlist í gegnum tíðina. Björgvin er mikill safnari og meðal þess sem hann safnar eru gítarar. Fjölmargir gítarar í eignum Björgvins voru settir inn í stóran glerskáp þar sem þeir voru áfram löngu eftir að sýningin hætti. Sýningin spannaði langt tímabil og þar mátti sjá muni sem móðir Björgvins passaði að glötuðust ekki. Einnig voru gullplötur, textablöð, glymskratti, ógrýnni ljósmyndir og myndbanda og ýmislegt fleira sem Björgvin hefur sankað að sér á löngum ferli. Gestum gafst kostur á að syngja lög Björgvins í söngklefa Rokksafnsins og hljóðblanda vinsælt lag sem Björgvin hafði flutt. Mæltist þessi sýning vel fyrir og stóð uppi í rúmt ár. Björgvin hélt tónleika á persónulegum nóttum í Stapasal Hljómahöll 25. mars 2017 ásamt hljóm-sveit sinni sem voru vel sóttir.

Þann 7. mars árið 2021 opnaði Rokksafn Íslands sýninguna Melódiur minninganna.

Sýningin fjallar um tónlistarsafn Jóns Kr. Ólafssonar, Melódiur minninganna, sem staðsett er á Bíldudal. Undirbúningur að sýningunni hafði staðið yfir í talsverðan tíma. Á sýningunni mátti finna fjölmarga muni frá tónlistarfólki á borð við Elly Vilhjálm, Ragga Bjarna, Hauk Morthens, Svavar Gest, Stuðmenn og fleiri. Gestir sýningarinnar gátu heimsótt safnið á Bíldudal með aðstoð tækninnar en hluti af sýningunni voru gagnvirk sýndarveruleikagleraugu sem gerði gestum kleift að skoða og ganga um tónlistarsafnið sem myndað var sérstaklega fyrir sýninguna.

Sýningin Úrklippubókasafn Kela, þar sem hluti af heilmiklu úrklippusafni Sævars Þorkels Jenssonar var til sýnis, var opnuð í ágúst 2022. Keli er Keflvíkingur og byrjaði að safna eiginhandararitunum og úrklippum árið 1964. Hann á eitt stærsta úrklippusafn tengt tónlist á landinu og hefur líka safnað eiginhandar áritunum allan þennan tíma þar á meðal áritunum heimsþekktara tónlistarmanna. Þegar sýningin var haldin voru úrklippubækurnar orðnar rúmlega 350 talsins. Meðal listafólks sem Keli hefur haldið upp á og má finna í bókum hans eru Hljómar, Maggi Kjartans, Hjálmar, Bubbi Morthens, Björk, Jónas Sig, GDRN, John Grant, Briet, Helgi Björns, Stefán Jakobsson, Baggalútur og margir fleiri.

## HJÓMLEIKAR OG VIÐBURÐIR

Fjölmargar innlendar og erlendar hljóm-sveitir og listafólk hafa komið fram á tónleikum í Hljómahöll, bæði í Stapa og Bergi. Hafa þær allar þær allar farið lofsamlegum orðum um á hljómburðinn í báðum sölum og farið fögrum orðum um fagmennsku starfsfólksins.

Meðal þeirra sem hafa komið fram í Stapa og Bergi frá því að Hljómahöllin tók til starfa má nefna tónlistarfólkið Pál Óskar, Magnús Kjartansson, Magnús og Jóhann, Ólaf Arnalds, Björgvin Halldórsson, Elízu Newman, Snorra Helgason, KK, Ragnheiði Gröndal, Júníus Meyvant, Pétur Ben, Jón Jónsson, Hall Ingólfsson, Ladda, Gunnar Þórðarson, Eyþór Inga, Jóhönnu Guðrúnu, Fríðu Dís, Pétur Ben, Má Gunnarsson, JóaPé og Króla, Bubba Morthens, Arnar Dór, Herra Hnetusmjör, Jönu Maríu, Prins Póló, Emmsjé Gauta, Louis Cole, Ásgeir Trausta, Cate Le Bon, Unnstein Manuel, GDRN, Klóru Elías, Brieti, Jónas Sig, Aron Can og Aldous Harding.

Meðal hljóm-sveita sem hafa stigið á svið í sölum Hljómahallar má nefna Hljóma, Skítamóral, Mammút, Nýdönsk, Skálmöld,



Hljóm-sveitin Valdimar í Hljómahöll.

Trúbrot, Moses Hightower, Maus, Baggalút, GusGus, Valdimar, Dúndurfréttir, Bjartmar & Bergisana, Ylju, Kaleo, Kæluna miklu, SSSól, Amabadama, Úlf Úlf, Midnight Librarian, Hatara, Deep Jimi & the Zep Creams, Vox, Tindersticks, Demo, Rolf Hausbentner Band, Thurston Moore Band og Karate. Þá hafa Karlaök Keflavíkur og Sönghópur Suðurnesja komið fram í Hljómahöllinni ásamt uppstöndurum Hugleik Dagssyni, Ara Eldjárn og Mið-Ísland og margir fleiri.

Í Hljómahöll er fullkomin aðstaða til fundar- og ráðstefnuhalds. Í húsinu er fullkomið mynd- og hljóðkerfi en hægt er að senda bæði hljóð og mynd yfir í alla sali hússins hvaðan sem er. Þá er allur nauðsynlegur búnaður fyrir ráðstefnu- og fundarhöld til staðar svo sem skjávarpar, tjöld, tölvur, hljóðnemar o.fl. Salir sem henta undir ráðstefnu- og fundarhald eru Berg, Stapi og Merkinis. Þá nýttast skólastofur Tónlistarskóla Reykjaneshöfða sem „breakout“-herbergi ef um viðamikil ráðstefnuhald er að ræða. Í Hljómahöll hafa verið haldnir margskonar fundir og fjölmargir ráðstefnur í gegnum tíðina. Þar á meðal má nefna hina stóru ferðakaupstefnu Vestnorden þar sem hver kimi hússins var nýttur. Einnig má nefna ráðstefnu norrænu ráðherranefndarinnar, What Works-ferðamálaráðstefnuna, ráðstefnu Hjallastefnunnar, Byggðaráðstefnuna og þannig mætti áfram telja. Fjölmörg fyrirtæki hafa haldið árhátíðir sínar í Hljómahöll en húsíð þykir kjörið fyrir slíka viðburði þar sem viðburðirnir hefjast með fordrykkjum og forréttum á Rokksafni Íslands áður en borðhald og skemmtiatriði fara fram í Stapa og öðrum sölum Hljómahallar.

## VIÐURKENNINGAR

Rokksafn Íslands hlaut Nýsköpunar- og hvatningarverðlaun frá Ferðapjónustu Reykjaness snemma árs 2019. Verðlaunin voru veitt um líkt leyti og safnið fagnaði fimm ára afmæli. Af þessu tilefni sagði Tómas Young framkvæmdastjóri Hljómahallar: „Þetta var mjög skemmtileg viðurkenning. Viðbrögð gestanna hafa verið góð og fólk er almennt mjög ánægð með sýningararnar. Áður héldu margir að hér væri bara sýning um Bítlabæinn Keflavík en hér eru í rauninni allir með jafn stóran sess í sýning-



Magnús og Jóhann í Stapa.



unni enda heitir þetta Rokksafn Íslands en ekki Rokksafn Reykjaneshæjar.“

Í umsögn Markaðsstofu Reykjaness segir: „Sagnaarfur okkar Íslendinga á sér langar rætur og víða um land má finna söfn og sýningar sem geyma og rifja upp fyrir okkur sögu okkar og menningararf. Rokksafn Íslands, eins og nafnið ber með sér, segir sögu tónlistar á Íslandi allt frá árinu 1830 til dagsins í dag, með sérstaka áherslu á popp og rokktonlist sem er samofin nútímasögu og menningu okkar á Suðurnesjum.

Þó safnið eigi sér stutta sögu en það var opnað í apríl 2014 og fagnar því 5 ára afmæli í ár, hefur það stimplað sig inn í menningarlíf samfélagsins með uppákomum og sérsýningum sem settar hafa verið upp og reglulega bætast nýjungar við í fjölbreytta flöru safnmuna.

Forsvarsmenn hafa lagt mikinn metnað í uppbyggingu safnsins og leitað leiða til að gera söguna lifandi og skemmtilega á faglegan hátt fyrir gesti. Hvort heldur með því að nýta nútíma tækni eða þróa nýjar lausnir eins og sést með plötuspilaranum hér frammi. Þannig geta gestir tekið virkan þátt í sýningunni og aukið við upplifun sína meðal annars með því að taka lagið í sérstökum söngklefa eða grípa í hljóðfæri. Þá geta safngestir einnig nýtt sér tæknina og skoðað söguna með Rokk-appinu.

Rokksafnið á sér enga hliðstöðu á Íslandi og það er einstakt að hafa aðgang að slíkri perlu hér á svæðinu.

Stjórnir Reykjaness UNESCO Global Geopark og Markaðsstofu Reykjaness hafa ákveðið að veita Rokksafni Íslands Nýsköpunar- og hvatningaverðlaun ferðaþjónustunnar árið 2019“.

Hljómahöll hlaut viðurkenningu 1. desember 2022 á Degi íslenskrar tónlistar sem veitt voru í Hörpu við hátíðlega athöfn. Tómas Young forstöðumaður tók við viðurkenningunni fyrir hönd Hljómahallar. Verðlaunin bera nafnið Glugginn og í umsögn sem fylgdi viðurkenningunni segir: „Hljómahöll í Reykjaneshæjar hlýtur verðlaun fyrir að halda úti heimili íslenskrar tónlistar í Reykjaneshæjar með hugmyndaríku safni og fjölbreyttri tónlistardagskrá undanfarið ár.“

Rokksafn Íslands er mjög mikilvægt og merkilegt safn sem íslenskt áhugafólk um tónlist og erlendir gestir láta sig varða. Þetta er eina safn sinnar tegundar á Íslandi þó svo að tónlistartengdir munir séu vissulega á nokkrum byggðasöfnum á landsbyggðinni. Þá hafa sérsýningar tengdar tónlist viðkomandi héraðs verið settar upp á stöku stað, en þar er ekki um varanlegar tónlistarsýningar að ræða. Það er afar mikilvægt að Rokksafn Íslands fái að stækka og dafna á næstu árum og haldi áfram varðveita og sýna muni og minjar sem tengjast hinni merku popp- og rokksögu þjóðarinnar.

#### FORSAGAN Í HNOTSKURN:

Tónlistarskólinn í Keflavík var stofnaður 24. október 1957 að frumkvæði Guðmundar H. Norðdahl og kom Ragnar Björnsson, fyrsti skólalastjóri, að stofnun hans. Herbert H. Ágústsson tók við af Ragnari árið 1977 og gegndi stöðunni til 1985. Kjartan Már Kjartansson var 24 ára þegar hann var ráðinn skólalastjóri og sinnti því starfi eftir það nema hvað Karen J. Sturlaugsson gegndi stöðunni 1998 til 1999.

Tónlistarskóli Njarðvíkur tók til starfa haustið 1976 og var strax ráðist í að stofna skólahljómsveit. Örn Óskarsson skólalastjóri stjórnaði hljómsveitinni en hann starfaði við skólann til haustsins 1984. Þegar Örn hætti tók Haraldur Árni Haraldsson við af honum og gegndi starfinu þar skólinn var sameinadur Tónlistarskólanum í Keflavík. Báðir þessir skólar héldu úti kröftugu starfi og skiluðu mörgum efnilegum nemendum sem hafa látið til sín taka í tónlistarlífi landsins.

Í ársbyrjun 1998 var ákveðið að leggja báða tónlistarskólana niður og stofna Tón-



listarskóla Reykjaneshæjar sem tók formlega til starfa 1. september 1999. Haraldur Árni Haraldsson var ráðinn skólalastjóri nýja skólans og Karen J. Sturlaugsson aðstoðarskólalastjóri.

Tónlistarskóli Reykjaneshæjar var með starfsemi á tveimur stöðum til að byrja með, annarsvegar að Þórústíg 7 og hinsvegar að Austurgötu 13. Jafnframt var kennt í grunnskólum Reykjaneshæjar og starfsemi því nokkuð sundurslitin. Þetta þótti óhagkvæmt og rætt var um að koma allri starfsemi tónlistarskólans fyrir á einum stað og helst í sérsniðnu húsnæði. Á sama tíma voru uppi hugmyndir um að koma Poppminjasafni Íslands fyrir á varanlegum stað en það hafði um nokkurra ára skeið verið starfrækt á veitingastaðnum Glóðinni, Hafnargötu 62 í Keflavík. Þetta leiddi til þess að farið var að skoða möguleikann á að byggja ráðstefnu- og menningarmiðstöð við hliðina á félagsheimilinu Stapa. Þetta varð að veruleika og tók Tónlistarskóli Reykjaneshæjar til starfa í nýja húsnæði sem hafði fengið nafnið Hljómahöll þegar framkvæmdir hófust. Skólalúsnæðið er mjög vel búið með 30 nemendarymum en áður hafði skólinn 12 nemendarymi í tveimur gömlum húsum. Kennslustofurnar eru 25 fyrir hljóðfæra- og söngkennslu, tónfræðigreinar og smærri samleiks- og samsöngshópa. Þar er líka tölutónlistarstofa, 50 manna hljómsveitaralúsnæði með hljóðfærum, tvær stofur sem eru einvörðungu ætlaðar fyrir æfingar nemenda og tvö upptökuver sem nýttast skólanum og Rokksafninu. Pesutan eru tónleikasalir í Hljómahöllinni sem eru nýttir fyrir nemendatónleika, skemmtanir og tónleika fyrir almenning.

#### KROSSINN Í YTRI-NJARÐVÍK

Krossinn var fjölnota samkomuhús frá upphafi. Þar voru haldnir fundir, samkomur og dansleikir. Böllin í Krossinum voru víðfræg og stundum komust ferri að en vildu. Húsið tók um 400 manns þegar mest var, sem þótti býsna gott. Krossinn var einnig notaður fyrir allskonar félagsstarf. Skátahreyfingin og æskulýðsráð nýttu húsið til jafns við önnur félög í hreppnum.

Krossinn er einna þekktastur fyrir þá staðreynd að þar stigu fimm ungir Suðurnesjapiltar á svið í fyrsta sinn 5. október 1963 undir nafninu Hljómar. Þeir áttu eftir að trylla æskulýð landsins með tónlist sinni og framkomu næstu árin. Þetta kvöld voru þessir piltar ekki alveg tilbúnir að eigin mati til að halda uppi heilu balli. Þeir tóku samt áskorun unga fólksins sem vildi ekki missa af balli þegar hljómsveit úr Reykjavík boðaði forföll. Þetta heppnaðist það vel að fjórum dögum seinna mættu þeir í útvarpsal á

Skúlagötu 4 og spiluðu nokkur lög inn á segulband sem er geymt í safni Útvarpsins. Þar var ekki um bítlátónlist að ræða, heldur gítartónlist, ballöður og Suður-Ameríska sveiflu í anda tímans.

#### FÉLAGSHEIMILIÐ STAPI

Þann 24. febrúar 1949 var húsbyggingarsjóður stofnaður svo að hægt væri að ráðast í byggingu fullkomins samkomuhúss fyrir hreppsbúa. Byggingafrankvæmdir hófust í september 1958 en þá hafði verið stofnað sameignarfélag Ungmennafélags Njarðvíkur, Kvenfélagsins, skátafélagsins og hreppsins um uppbyggingu og rekstur veglegs samkomuhúss. Framkvæmdir hófust af krafti en það komu nokkur löng hlé inn á milli og stóðu byggingafrankvæmdir yfir næstu sjö árin. Þegar húsið var tekið í notkun 23. október 1965 við hátíðlega athöfn var það fullbúið að innan sem utan.

Sigurður Thoroddsen sá um járnateikningar og verkfræðilega þætti, trésmíðameistari var Skarphéðinn Jóhannesson, Snorri Vilhjálmsson sá um múrverk og Guðbjörn Guðmundsson um rafmagn og lýsingu. Blikksmiðja Ágúst Guðjónssonar sá um loftræstikerfið, Áki Gränz um alla málningavinnu og Ásgerður Búadóttir hannaði veggskreytingu á suðurhlíð hússins.

Þegar húsið var tekið í notkun mætti fjöldinn allur af boðsgestum auk íbúa hreppsins til að vera viðstaddir þennan merka atburð. Ólafur Sigurjónsson, oddviti og hreppstjóri, Njarðvíkinga hélt vígsluræðuna en hann hafði verið formaður og framkvæmdastjóri húsbyggingarnefndarinnar og unnið af kappi að framkvæmdum allan tímann. Ólafur lýsti framkvæmdunum og gat þess að húsið væri byggt eftir teikningu Sigvalda Thordarsen arkitekts sem lauk sinni vinnu að mestu áður en hann lést. Þorvaldur Kristmundsson lauk þeim smáteikningum sem Sigvalda lánaðist ekki að ljúka við. Ólafur afhenti húsið til nýskipaðrar hússtjórnar en formaður hennar var Oddbergur Eiríksson. Fjöl margar ræður voru haldnar og meðal þeirra sem tóku til máls voru sveitarstjórnir Jón Ásgeirsson, Sigurbjörg Magnúsdóttir formaður kvenfélagsins, Sveinn Jónsson bæjarstjóri Keflavíkur, Þórir Sæmundsson sveitarstjóri Sandgerðis, séra Björn Jónsson sóknarprestur í Keflavík og séra Eiríkur J. Eiríksson forseti Ungmennafélags Íslands. Við vígsluathöfnina var húsinu gefið nafnið Stapi sem þótti við hæfi enda Stapi þekkt kenileiti á Suðurnesjum.

Gestir gengu síðan um húsið og skoðuðu herlegheitin en mikla athygli vakti að í fyrstu forstofu var steinverk frá lofti til gólfs úr hrauni og leir eftir Ragnar Kjartansson. Næstu daga og vikur var mikið um dýrðir m.a. var byggðasögu hreppsins gerð góð skil í húsinu.

Félagsheimilið Stapi þótti mjög reisulegt og glæsilegt hús í alla staði bæði að utan sem innan. Gólfllötur var 1300 fm og húsið taldist vera 6500 rúmmetrar. Aðalsalurinn tók um 500 manns í sæti og mun fleiri standandi. Að auki voru svalir sem rúmuðu 150 manns og hliðarsalur þar sem hægt var að koma fyrir 100 manns með góðu móti.

Félagsheimilið Stapi var jafnan kallað Stapinn í daglegu tali. Húsið varð fljótlega eitt vinsælasta samkomuhús landsins og kom fólk víða að til að sækja þar samkomur af ýmsum toga. Þar voru haldnir dansleikir, barnaskemmtanir, skátaskemmtanir, fundir, ráðstefnur, tónleikar, leiksýningar og fleiri viðburðir. Þeir sem voru á besta aldri þekktu Stapann einna helst fyrir ógleymanleg böll þar sem allar helstu hljómsveitir landsins héldu uppi stuðinu. Dansleikirnir voru róm-

aðir og umtalaðir meðal fólks um allt land. Þar stigu margar hljómsveitir sín fyrstu skref á frægðarbrautinni og þar kynntust mörg sem áttu eftir að feta lífsbrautina saman.

Félagsheimilið Stapi var lengst af í eigu fjögurra aðila, Ungmennafélagsins, Kvenfélagsins og Njarðvíkurþéttar sem áttu hvert um sig 33% en skátafélagið Vikverjar átti 1%.

Poppminjasafn Íslands / Rokksafn Íslands

Sú hugmynd kviknaði meðal tónlistarfólks úr Keflavík að setja upp sýningu í heimabænum þar sem Bítlabænum væri gert hátt undir höfði. Hljómar var ein fyrsta bítlahljómsveitin á Íslandi og kjölfar Hljóma komu margar fleiri bítlahljómsveitir frá Suðurnesjum. Þetta þótti frekar merkilegt og fljótlega var farið að tala um Bítlabæinn Keflavík. Starfshópur var myndadur að frumkvæði Kjartans Más Kjartanssonar sem byrjaði að undirbúa sýninguna Bítlabæinn Keflavík. Starfshópurinn fékk Jón Sigurðsson til að afla fjárstuðnings frá fyrirtækjum og velunnurum og var sýningin opnuð á báðum hæðum veitingahússins Glóðarinnar, Hafnargötu 62 í Keflavík laugardaginn 11. október 1997. Sýningin var helguð tónlistarfólki sem tengdist Suðurnesjum, fólk sem hafði sett mark sitt á íslenska dægurtónlist á árunum 1963 til 1976. Þau sem stóðu að þessu framtaki voru auk Kjartans Más tónlistarmennirnir Rúnar Júlíusson og Guðmundur Hermannsson,, veitingamaðurinn Stefán Viðarsson, innanhússarkitektinn Bryndís Eva Jónsdóttir, sýningarhófundurinn Björn G. Björnsson og textahöfundurinn Þorsteinn Eggertsson. Ekki er á neinn hallað þegar fullryrt er að Rúnar Júlíusson hafi lagt einna mest af mörkum til að koma þessu í kring. Hann naut góðs stuðnings Kjartans Más Kjartanssonar sem hefur stutt safnið með ráðum og dáð alla tíð síðan. Undirbúningstíminn var ekki langur eða rétt rúmlega hálfir áður en sýningin var opnuð. Poppminjasafn Íslands fékk kennitölu í maí 1997 en það var stofnað formlega árið 1998. Heimili og varnarþing var fyrst í stað á veitingastaðnum Glóðinni að Hafnargötu 62 í Keflavík. Þar stóð sýningin Bítlabæinn Keflavík í nokkur ár. Árið 2004 voru fyrstu hugmyndir um byggingu menningarhúss kynntar íbúum Reykjaneshæjar. Á meðan bæjarbúar ræddu þann möguleika að skapa aðstöðu fyrir poppminjasafnið og tónlistarskólann í nýju menningarhúsi var efnt til tveggja nýrra poppsýninga sem báðar voru settar upp í Duus húsum. Fyrri sýningin bar heitið Stuð og friður og var opnuð í Duus húsum 17. júní 2005. Síðari sýningin, Vagg og velta, var opnuð 31. mars 2007 í Duus húsum. Þessi sýning stóð yfir til ársins 2009 og var síðasta sýningin í nafni Poppminjasafns Íslands þar sem nafninu var breytt í Rokksafn Íslands um leið og Hljómahöll var tekin í notkun.

Jónatan Garðarsson  
gerði þessa samantekt í mars 2024.



Samantekt þess er stytt útgáfa  
en heildarútgáfuna má finna  
á vef Vikurfrétta á vf.is.





# Tugir hvala á Stakksfirði

Tugir hvala héldu til á Stakksfirði, skammt undan landi við Keflavík, á miðvikudagsmorgun í þessari viku. Hvalirnir virðast hafa verið í miklu æti og blésu ótt og títt. Hraðbátar með fólki í hvalaskoðun komu frá Reykjavík og fylgdust með aðförunum. Ljósmyndari Víkurfréttanna sendi dróna til móts við hvalina og voru þessar myndir teknar við það tækifæri á Stakksfirði. VF/Hilmar Bragi



## Otti Rafn lætur af formennsku Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Grindvíkingurinn Otti Rafn Sigmarsson ætlar að láta af störfum sem formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

„Ég hef tekið þá þungu og erfiðu ákvörðun að láta af störfum sem formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Eins og flestir vita höfum við Grindvíkingar þurft að takast á við náttúruöflin síðustu mánuði og það sér ekki fyrir endann á þeirri baráttu. Lífi okkar allra hefur verið snúið á hvolf oftar en einu sinni í þessum atburðum og framundan er mikil baráttu, ekki bara í því að koma upp nýju heimili heldur



líka í atvinnu- og félagsmálum í Grindavík.

Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að leiða þetta stóra félag. Ég er þakklátur

fyrir allan þann stuðning sem ég hef fengið í mínum störfum og fyrir það bakland sem ég hef haft. Ég skil við þessi störf í góðu og mun halda áfram að starfa í framlinunni með björgunarsveitarfólki í Grindavík um ókomna tíð.

Á næstu misserum munum við fjölskyldan slípa til nýtt fjölskyldulíf í eins víðtæku samhengi og hugsast getur. Ofan á það á eftir að endurreisa heilt samfélag og ætla ég mér að taka fullan þátt í því.

Með von um bjarta framtíð,  
Otti Rafn Sigmarsson.“

## FS-ingur vikunnar:

Nafn: Selma Líf Óskarsdóttir.  
Aldur: 17.  
Námsbraut: Sjúkraliðabraut.  
Áhugamál: Ræktin og björgunarsveitin.



## Kann ekki að leggja í stæði

Selma Líf Óskarsdóttir er á átjándra ári og kemur úr Grindavík. Hún er samviskusöm og ákveðin en hræðist köngulæur og geitunga. Selma er á sjúkraliðabraut í FS og stefnir að því að mennta sig í bráðahjúkrun og jafnvel að fara alla leið í bráðalækninn. Selma er FS-ingur vikunnar.

Á hvaða braut ertu? Sjúkraliða.

Hvert er upphaldslagið þitt?

Englar alheimsins – Lagi Pedro og Huginn.

Hver er helsti kosturinn við FS? Þægilegt og gott nám.

Hver er þinn helsti kostur? Samviskusöm.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?

Alex Máni fyrir piluna.

Hver er þinn helsti galli? Leggja í stæði og ég kann ekki stafsetningu.

Skemmtileg saga úr FS? Þegar ég var nýkomin með bílpróf og var fóst fyrir utan skólann því ég komst ekki í bakkgir.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? TikTok og Snapchat.

Hver er fyndnastur/fyndnust í skólanum? Það er auðvitað Magnús Máni.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Jákvæðni og traust.

Hver eru helstu áhugamálin þín? Ræktin og björgunarsveitin.

Hver er stefnan fyrir framtíðina?

Það er hjúkrunarfræði og svo að sérmennta mig í bráðahjúkrun eða bara fara alla leið í bráðalækninn.

Hvað hræðistu mest? Köngulæur og geitungar.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það? Ákveðin.



HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

Vilt þú vera með okkur í liði?



## Leitum að öflugum aðila með reynslu af byggingavörum

Við leitum að kröftugum sölumanni með reynslu eða þekkingu á byggingavörum eða svipað, í timbursölu Húsasmiðjunnar í Reykjanesbæ. Um er að ræða spennandi og fjölbreytt starf í lifandi umhverfi. Við leitum að öflugum einstaklingi sem býr yfir mikilli þjónustulund, sýnir frumkvæði í starfi, er lausnamiðaður og býr yfir góðum samskiptahæfileikum.

Helstu verkefni í timburafgreiðslu eru sala og þjónusta við viðskiptavini, tilboðsgerð og

eftirfylgni tilboða ásamt tiltekt og afgangi pantana til viðskiptavina og önnur almenn lagerstörf í timbursölu.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf. Við leggjum ríka áherslu á jákvætt hugarfar og að vinna saman að því alla daga að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af byggingavörum og/eða meðhöndlun á þungavörum er mikill kostur
- Reynsla af tilboðsgerð er mikill kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku
- Sterk öryggisvitund
- Lyftarapróf, J réttindi er kostur



Skannaðu kóðann og skoðuðu starfið

Gildin okkar  
Áreiðanleiki  
Þjónustulund  
Þekking

Við hvetjum öll áhugasöm til þess að sækja um, óháð kyni.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gísli Hlynur Jóhannsson rekstrarstjóri verslunar á gisli@husa.is

Sótt er um á ráðningarvef Húsasmiðjunnar  
[www.husa.is/laus-storf](http://www.husa.is/laus-storf).  
Umsóknarfrestur til 15. apríl 2024

Við leggjum ríka áherslu á liðsheild og góð samskipti og í Húsasmiðjunni ríkir skemmtilegur og líflegur starfsandi. Starfsmannafélag Húsasmiðjunnar er mjög öflugt og stendur fyrir fjölbreyttum og skemmtilegum uppkómum yfir árið.





## „Þetta getur enginn gert nema Þjóðkirkjan“

Elinborg Sturludóttir, Dómkirkjuprestur.

Á ferðum mínum um landið í aðdraganda biskupskjörs rifjast svo ótal margt upp fyrir mér, úr sögu landsins okkar og ríkulegri menningararfleifð.

Til dæmis sagan Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson, um Fjalla Bensa, hrútin Eitil og hundinn Leó, sem gerist í óbyggðum þegar Benedikt leitar eftirlugukinda í aðdraganda jóla og lendir í margra daga stórhrið.

Að mínu mati gæti biskup Íslands horft til Fjalla Bensa í mörgu; með að láta sig varða um þær lifandi sálir sem ekki hafa öruggt skjól í erfiðum aðstæðum, sýna þrautseigju og hugrekki við að halda út þótt á móti blási, og tileinka sér umhyggju til alls sem lifir.

Sauðirnir sem biskup Íslands þarf að uppörva og hlúa að tengslum við, eru vígðir og óvígðir þjónar kirkjunnar, fólk sem hefur tekið að sér trúnaðarstörf í sóknunum og söfnuðum landsins og landsmenn allir þegar biskup ávarpar þjóðina, á stundum gleði og þegar



áföll ríða yfir. Rétt eins og Fjalla Bensi fór aldrei einn í sínar eftirleitir, hafði alltaf forystusauðinn Eitil og smalahundinn Leó með í för, á biskup Íslands að vera í samvinnu og samstarfi við aðra þegar hann gegnir hlutverki sínu.

Þjóðkirkjan er stór og sterk stofnun. Ég fullyrði að engin hreyfing í landinu býr að eins stórum og virkum hópi fólks í sínum röðum nema ef vera skyldi björgunarsveitirnar, sem við eigum svo margt að þakka. Því þarf að hlúa að söfnuðunum sjálfum, sem eru grunneining þjóðkirkjunnar, í sveit og í borg. Biskup á að fara fyrir því að efla söfnuðina, styðja þá og styrkja með öllum ráðum.

Þegar Grindvíkingar hittust eftir rýmingu bæjarins í Hallgrímskirkju var haft eftir forsætisráðherra: „Þetta getur enginn gert nema Þjóðkirkjan.“ Þetta ættum við þjóðkirkjufólk að muna betur og taka til okkar. Byggjum á þeim ríka arfi sem við eigum og leyfum Jesú Kristi að vera það leiðarljós sem aldrei fennir í kaf.



## Námsstefna Samtaka heilsuleiksskóla haldin í Reykjanesbæ

Þann 4. nóvember 2005 voru Samtök heilsuleiksskóla stofnuð í Kópavogi. Tilgangur þeirra er að stuðla að heilsuefingu í leikskólasamfélagi, gæta hagsmuna heilsuleiksskóla, efla samheldni skólanna og skapa vettvang til fræðslu og skoðanaskipta. Á fyrsta aðalfundi samtakanna, sem haldinn var þann 17. mars 2006, var frumkvöðull og upphafskona Heilsustefnunnar, Unnur Stefánsdóttir, kosin fyrsti formaður samtaka heilsuleiksskóla. Unnur Stefánsdóttir var, á þeim tíma leikskólastjóri leikskólans Skólatröð, sem seinna fékk nafnið Urðarhóll en Urðarhóll er jafnframt fyrsti heilsuleiksskólinn á Íslandi. Leiksskólinn fékk titilinn árið 1996 nokkrum árum áður en samtökin voru stofnuð.

Samtök heilsuleiksskóla stóðu fyrir námsstefnu fyrir heilsuleiksskóla landsins sem fram fór í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ föstudaginn 15. mars 2024. Námsstefnan bar yfirkriftina „Kveikjum neistann, nærum og njótum“. Tæplega 200 manns tóku þátt í deginum. Starfsmenn frá sextán skólum, þar af eru þrettán skólar heilsuleiksskólar og þrjár skólar á heilsubraut.

Forvarnarsjóður íþróttar- og tómstundaráðs í Reykjanesbæ veittu Samtökum heilsuleiksskóla styrk sem nýttur var til þess að gera þessa námsstefnu að veruleika.

Aðalfundur Samtaka heilsuleiksskóla var haldinn fimmtudaginn 14. mars 2024, í Búmannssal í Reykjanesbæ, daginn fyrir námsstefnudaginn sjálfan.

Námsstefnuna skipulögðu stjórnendur fjögurra heilsuleiksskóla, Heilsuleiksskólinn Holtakot á Álftanesi, Heilsuleiksskólinn Garðasel í Reykjanesbæ, Heilsuleiksskólinn Heiðarsel í Reykjanesbæ og Heilsuleiksskólinn Skógarás í Reykjanesbæ.

Námsstefnugestir mættu galvaskir í hús upp úr 8:30 þar sem tekið var á móti þeim með lykklappu að gjöf með merki Heilsustefnunnar. Gestunum var vísað inn í sal þar sem boðið var upp á kaffi/vatn og létt morgunhressingu áður en dagskráin hófst formlega.

Námsstefnan var sett kl. 9 og stóð til kl 15:00. Sigrún Hulda Jónsdóttir, leikskólastjóri í Heilsuleiksskólanum Urðarhóli í Kópavogi, setti námstefnuna. Í dag eru heilsuleiksskólarnir orðnir 21 á landinu og eru þrjár leiksskólar til viðbótar sem eru á heilsubraut sem vinna að því markmiði að fá titilinn heilsuleiksskóli.

Fyrsti fyrirlestur dagsins fjallaði um hvernig við kveikjum ástriðu barna í tengslum við hreyfingu,



heilastarfsemi og vellíðan. Fyrirlesarinn, Hermundur Sigmundsson, er doktor í líf-eðlisfræðilegri sálfræði og hefur unnið margar áhugaverðar rannsóknir sem snúa að menntun og þroska barna og hvernig er hægt að yta undir ástriðu barna.

Anna Sofia Wahlström, verkefnastjóri við leiksskólann Gefnaborg í Suðurnesjabæ, var með fyrirlestur þar sem hún fjallaði um leiðir til þess að hlúa að sköpunarþættinum í leikskólastarfi í tengslum við aðalnámskrá leiksskóla. Hún fjallaði um sköpun í sinni víðustu mynd og hversu mikilvægt er að gefa börnum tækifæri til að skapa á sem fjölbreyttastan hátt.

Eftir hádegishlé var komið að þriðja og síðasta fyrirlesara dagsins en það var Björgvin Franz Gíslason, leikari. Björgvin Franz var með fyrirlesturinn „Okið undan sjálfum mér“ þar sem hann fjallaði um hvernig hann náði sjálfum sér úr vinnubrjálaði í innri ró og raunverulega starfsánægju og velti því upp hvernig maður nær þeim árangri að verða betri starfskraftur með því að verja meiri tíma með fjölskyldu og vinum.

Í lok dags var svo gestum námsstefnunnar boðið yfir á Rokksafn Íslands áður en haldið var heim á leið.

**Skipulagsnefnd námsstefnunnar 2024:**  
Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar  
á Heilsuleiksskólanum Holtakoti á Álftanesi,  
Heilsuleiksskólanum Garðaseli í Reykjanesbæ,  
Heilsuleiksskólanum Heiðarseli í Reykjanesbæ,  
Heilsuleiksskólanum Skógarási í Reykjanesbæ.



## VÍKUR fréttir

Öll tölublöð Víkurfréttanna frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á

**timarit.is**



## Skemmtileg störf í Dósaseli


Tvo umsjónarmenn vantar til starfa í Dósaseli frá miðjum maí og fram í miðjan ágúst í sumar.

Annar þarf að vera með lyftarapróf og sjá um reksturinn. Hinn þarf að hafa bílpróf og sjá um að sækja flöskur í flugstöðina.

Allar upplýsingar hjá Ingu Jónu í Dósaseli í síma 861-2208 eða á staðnum.

**DÓSASEL**

## Sjónvarp Víkurfréttanna er í snjallsjónvarpinu þínu



Smelltu á YouTube og leitaðu að Sjónvarp Víkurfréttanna.

Þegar þú hefur fundið rásina smellir þú á **Í ÁSKRIFT**

Auðvitað er áskriftin að Sjónvarpi Víkurfréttanna ókeypis!



# Að útvíkka sjóndeildarhringinn og sjá það góða í skólastarfi okkar

Gróa Axelsdóttir, skólastjóri Stapaskóla

Það eru ótrúleg forréttindi fólgin í því að starfa í skólakerfinu okkar. Þar fáum við tækifæri til að hafa áhrif á hvern og einn nemanda og um leið að aðstoða þá við að blómstra hver á sinn hátt. Skólafólk velur sér starf út frá ástríðu, út frá því að vilja aðstoða og vera til staðar fyrir yndislegu litlu einstaklingana sem eru að feta sín fyrstu skref í átt að framtíðinni.



Skólakerfið hefur tekið miklum breytingum undanfarið ár og áratugi en það þarf hugrekki skólafólks til að feta nýjar slóðir með áherslu á börnin og fjölbreyttar þarfir þeirra. Mikilvægt er að kennarar velti fyrir sér spurningum eins og af hverju kenni ég á þennan hátt, af hverju vel ég þessa leið, af hverju vel ég þetta námsefni o.s.frv. Við þurfum að vera dugleg að rýna í og igrunda þær leiðir sem við veljum með barnið í forgrunni.

## Skóðað skólakerfi í þremur mismunandi löndum

Undanfarna mánuði hef ég fengið tækifæri til að skoða skólakerfi í þremur mismunandi löndum; Litáen, Skotlandi og Finnlandi. Að fá að fylgjast með kennslu, áskorunum kennaranna og að eiga samtal við þá og skólastjórnendur var mjög lærdómsríkt. Við vitum að í skólum geta ríkt ólíkar áherslur og einkenni enda mismunandi skólamenning, mismunandi umhverfi sem skólar starfa í og aðrir þættir sem hafa áhrif.

Við í Stapaskóla erum þátttakendur í Nordplus verkefni þetta skólaár með Karalienés Mortos í Vilnius og Kaunas. Verkefnið gengur út á það að læra af hvert öðru. Kennarateymi ferðast á milli landa og eru að fylgjast með kennslu í þrjá til fjóra daga og fá fræðslu og kynningar bæði frá nemendum og kennurum um helstu einkenni og áherslur skólanna. Við höfum öðlast mikla og dýrmæta reynslu á þessu tímabili. Við höfum séð ýmislegt sem við getum gert betur og öðruvísi og einnig margt sem minnir okkur á að við erum að gera vel. Við tókum með okkur hluti eins og að bæta

## Virðing og væntumþykja fyrir hvert öðru

Í Skotlandi var ferðinni heitið til Glasgow til að skoða hvernig Skotar vinna að bættri vellíðan barna. Þeir hafa unnið með kerfi sem kallast Nurture í um 20 ár. Ég fékk tækifæri til að skoða þrjá mismunandi skólaverfum, vítt og breytt um Glasgow. Það sem ég sá og tók virkilega eftir var þessi virðing og væntumþykja fyrir hvert öðru. Nurture er verkefni sem miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) er að leggja af stað með undir handleiðslu frá Bergdís Wilson, teymisstjóra hjá MMS. Í Stapaskóla hefur allt starfsfólk á grunnskólastigi farið á námskeið, ásamt því að innleiðingarteymi hélt af stað undir handleiðslu Nurture International og Bergdísar. Við erum að læra enn frekar um taugafræðilegar ástæður hegðunar, hvað erum við að gera til að bregðast við og hvað getum við gert til að auka enn frekar vellíðan nemenda okkar. Við erum uppbyggingarskóli og beitung aðferðum *Uppeldi til ábyrgðar* í öllu starfi og tala þessar tvær leiðir mjög vel saman. Innleiðingarteymi skólans fundar á tveggja vikna fresti og rýnir í það sem verið er að gera og hvað gera má betur eða öðruvísi. Við vinnum með og reynum að stuðla að auknu tilfinningalegu öryggi. Það hefur lengi verið ákall hjá kennurum landsins að fá verkfæri inn í skólastofuna og þekkingu til að takast á við hegðun og líðan nemenda. Með þessu verkefni teljum við okkur vera að fá það. Innleiðing tekur tíma og höfum við gert samning við Nurture International um átján mánaða innleiðingarferli. Að fá utanaðkomandi sérfræðinga er mikilvægt og gerir okkur kleift að efla okkur enn frekar sem fagfólk.



## Kynnti kennsluhætti Stapaskóla í Finnlandi

Í mars fékk ég tækifæri til að heim-sækja þrjá skóla í Borgá, sem er um 25 mínútur frá Helsinki. Í bænum búa um 50 þúsund manns og eru þar níu sænskumælandi skólar og fjórtán finnskumælandi skólar. Ég varði heilum degi í dásamlegum skóla í útjaðri bæjarins sem heitir Sannás skóli og er sænskumælandi. Þau hafa farið leiðir eins og við í Stapaskóla að kenna mikið af námsefni og aðalnámskrá í gegnum þemanám og samþættingu námsgreina. Það var virkilega gaman að sjá og fylgjast með skólastarfi þeirra og að fá tækifæri til að spjalla við nemendur og starfsfólk gaf mér frekari mynd af því sem Finnar eru að gera og takast á við.

Tilgangur ferðarinnar var að hitta skólastjóra allra sænskumælandi skólanna og yfirmann þeirra til að kynna kennsluhætti Stapaskóla og þær leiðir sem við höfum farið. Að „kveikja neista“ og hvetja skólastjórnendur til að vera hugrakka, að prófa og að það sé allt í lagi að mistakast því í ferlinu fer alltaf fram lærdómur sem nýttist inn í skólastarfið.

Þegar ég horfi á lærdómsferil mitt í þessum þremur löndum og set augun á skólann okkar, Stapaskóla, þá sé ég að við höfum skapað umhverfi með þarfir barnanna að leiðarljósi. Að við höfum þróað og skapað ótrúlega öflugt skólastarfi á stuttum tíma. En við höfum líka misstigið okkur, prófað leiðir sem hafa mistekist og unnið saman að því að finna nýjar leiðir sem henta betur og eru góðar. Að

móta nýjan skóla er ærið verkefni og tekur mörg ár að innleiða og festa í sessi þá skólamenningu og það skólastarfi sem Stapaskóli á að standa fyrir. Með ótrúlegum mannaúði hefur okkur tekist að gera magnaða hluti og eru það forréttindi að fá að vera þátttakandi í þeirri vegferð.

## Öll að fást við sömu hluti

Í samtölum við skólafólkið í þessum þremur löndum kemur í ljós að við erum öll að fást við sömu hluti, hvernig við vinnum með þrautseigju nemenda, hvernig við sköpum aðstoð sem henta okkar nemendum, hvernig þeim líður, hvað við þurfum að gera öðruvísi o.s.frv. Það sem mér finnst einstaklega áberandi er þessi virðing fyrir skólafólki og það er held ég eitthvað sem við Íslendingar getum tekið til okkar. Hvernig er talað heima við matarborðið um skóla barnanna, hvernig er talað um kennarana út í búð? Treystum fagfólkinu til að vita hvað það er að gera, treystum því að menntun þess og áherslur gefa ykkar barni óteljandi tækifæri til að blómstra og auka við þekkingu sína. Tölum skólana okkar upp og verum þakklát fyrir að búa á þessu yndislega landi okkar, Íslandi. Náttúran, landið, krafturinn og fólkid!

Að útvíkka sjóndeildarhringinn er mikilvægt til að minna sig á hvað við höfum það gott hér. Að sjá leiðir sem við getum nýtt til breytinga hjá okkur en einnig til að sjá hvað það er margt gott í okkar skólakerfi. Lærum af hvert öðru, tókum það góða og höldum áfram á ferðalaginu þar sem hver og einn einstaklingur gengur út úr skólanum sínum við útskrift með höfuð hátt og drauma um að geta allt sem hann ætlar sér með ferða-töskuna stútfulla af alls konar!

# ÖFLUGIR BAKHJARLAR

## STYÐJA VIÐ DAGSKRÁRGERÐ SJÓNVARPS VÍKURFRÉTTA







**Pylsubeita vinsæl hjá þeim sem eru að reyna veiða ýsu. Sigurður Óli Þórleifsson rekur fyrirtækið Mustad og þjónustar línuflotann.**

## BEITUSALI SEM BÝÐUR UPP Á ÓDÝRAR BOLTAFERÐIR

„Þetta byrjaði sem áhugamál en eftir að umsvifin jukust stofnaði ég Njóttu ferðir,“ segir Sigurður Óli Þórleifsson. Aðalstarf Sigga undanfarin hefur verið rekstur Mustad Autoline ehf. sem selur beitningarvélur en einnig selur fyrirtækið beitu. Sigggi hefur alltaf verið forfallinn stuðningsmaður Manchester United og veit fátt skemmtilegra en að skella sér á leik á Old Trafford. Þetta áhugamál leiddi til þess að hann fór að aðstoða fólk við að fá miða á leiki og á endanum stofnaði hann fyrirtæki utan um reksturinn. Sigggi býður einmitt sigurvegara í tipleik Víkurfrétta á úrslitaleik ensku bikarkeppninnar sem fer fram í maí.

### ÍÞRÓTTIR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vt.is



Kannski var fyrstu frækornunum að Njóttu ferðum sáð strax á unga aldri þegar Sigggi bjó um tíma í Grimsby í Englandi. „Ég bjó tvisvar sinnum í Grimsby, frá tveggja til sex ára aldurs og svo aftur frá átta ára til tólf ára aldurs. Þar á milli bjó ég í Breiðholtinu og flutti svo í Grafarvoginn þegar við vorum endanlega komin til Íslands. Svo ég var kannski meiri Englendingur í mér fyrstu æskuárin og kannski var þessi tenging við England og enska boltann hluti ástæðunnar að ég fór út í þetta. Mest þó bara einskær áhugi á enska boltanum, ég hef alltaf haft mjög gaman af því að fara út á leiki og hef átt ársmiða á Old Trafford frá 2013. Í gegnum þær ferðir kynntist ég mönnum í miðabransanum og ég var líka búinn að kynna nokkrum Englendingum í gegnum störf mín sem knattspyrnuþómari á alþjóðlegum vettvangi. Áður en ég vissi af var ég farinn að aðstoða fólk við miðakaup, svo fór þetta að vinda upp á sig og á endanum var ekkert annað í stöðunni en stofna fyrirtæki í kringum þetta sem fékk nafnið Njóttu ferðir. Ég stefni á að heimasíða verði komin í loftið í sumar, fyrir næsta tímabil, en síðan árið 2014 hef ég verið með síðu á Facebook sem heitir Manchester United miðar, hún er með rúmlega fjögur þúsund fylgjendur. Þótt síðan heiti þessu nafni hafa stuðningsmenn annarra liða haft samband og ég hef reddað miðum á leiki þeirra liða.“

### Njóttu ferðir

Fyrstu árin var Sigggi kannski að útvega 100 miða á ári en bara um daginn voru yfir 200 aðilar á hans vegum í Englandi, 140 á leik Liverpool og Manchester City og 80 á leik Manchester United og Everton.

„Ég er kominn í samstarf við mjög öfluga aðila í Englandi, fyrirtæki sem er með klærnar nánast út um allan heim. Við erum auðvitað langmest að útvega miða á leiki í ensku úrvalsdeildinni en það kemur fyrir að óskað er eftir miðum á leiki t.d. í Þýskalandi, Ítalíu og á Spáni. Um daginn höfðu Íslendingar samband sem voru á Kanaríeyjum, þeir vildu sjá leik Las Palmas og Barcelona og ég gat útvegað þeim miða. Ég



Sigurður (t.h.) ásamt dómurum Kristni Jakobssyni og línuverðinum Jóhanni Gunnari Guðmundssyni fyrir landsleik milli Danmerkur og Finnlands.

hef ekki ennþá fengið beiðni um miða á leik í Suður-Ameríku, ég er eiginlega viss um að geta útvegað miða á leiki þar líka, það yrði nú upplifun held ég að fara á leik t.d. í argentísku eða brasilísku deildinni. Það eru ekki bara íþróttaviðburðir sem við reddum miðum á, ég fæ oft beiðni um miða á tónleika og eitt sem væri vel hægt að skoða væri golfferðir, það er stór og mikill markaður. Nú er ég kominn með ferðaskrifstofuleyfi og sé oftast um allan pakkann, þ.e. bæði flug og gistingu.

### Ódýrar ferðir

Ég leyfi mér að fullyrða að fáir geti boðið upp á eins hagstæðar ferðir og ég get, þetta er að mestu áhugamál hjá mér og þar sem fjárhagslegur ávinningur er ekki aðalkeppikeflið get ég boðið ferðir á mjög hagstæðu verði. Það færir mér gleði að geta aðstoðað fólk við að láta draum sinn, og hugsanlega barna sinna eða barnabarna, um að komast á leik í Englandi, rætast. Sjálfur leikurinn er nánast aukaatriði hjá mörgum, upplifunin í kringum leikinn er jafnvel skemmtilegri, t.d. að mæta á Bishop's Blaise eða The Trafford. Þetta



eru barir þar sem innfæddir Manchester-búar, gallharðir United-stuðningsmenn mæta og kyrja söngva yfir krús og hita sig upp fyrir leikinn.

Að komast aðeins í burtu yfir veturinn í mesta skammdeginu, dvelja í skemmtilegri borg og borða góðan mat, þetta er eitthvað sem sífellt fleiri Íslendingar eru farnir að nýta sér. Sigggi segir að oftast sé gíst í Manchester eða Liverpool þegar ferðir eru á leiki í Norður-Englandi en hann segist hafa gaman af því að uppgötva nýja staði, t.d. Warrington sem er heimabær pílukastarans Luke Littler. „Warrington er 170 þúsund manna bær, mitt á milli Manchester og Liverpool. Þar er allt mun ódýrara en inni í borgunum, þarna er fullt af frábærum golfvöllum allt í kring. Þeir viðskiptavinir mínir sem hafa kosið að dvelja í Warrington eru mjög ánægðir,“ en hvað með sætin á fótboltavöllum?

„Ég er alltaf með ákveðið grunnverð í ferðunum, það miðast við miða á ákveðnum stað á vellinum en ef fólk er með sérkröfur um val á sæti er hægt að borga meira og velja svæði,“ segir Sigggi.

### Tippmeistari Víkurfrétta á Wembley

Njóttu ferðir gefa hluta verðlaunanna í tipleik Víkurfrétta sem var endurvakin síðasta haust. Verðlaunin eru flug, gisting og miði á sjálfan úrslitaleikinn í ensku bikarkeppninni, FA cup, á Wembley. Leikurinn fer fram laugardaginn 25. maí og munu Njóttu ferðir sjá um miðann og gistingu, Íslendair býður upp á flugið. Þar sem Sigggi er gallharður stuðningsmaður Manchester United er ekki loku fyrir það skotið að hann verði með í för þegar vinnshafinn og blaðamaður Víkurfrétta bregða undir sig betri fætinum.

„Áður en ég vissi af var ég farinn að aðstoða fólk við miðakaup, svo fór þetta að vinda upp á sig og á endanum var ekkert annað í stöðunni en stofna fyrirtæki í kringum þetta ...“

„Fyrst United vann Liverpool í þessum svakalega skemmtilega leik í átta liða úrslitunum tel ég nú bara ansi líklegt að ég sláist með í för, þ.e.a.s. ef United vinnur Coventry í undanúrslitunum. Ég hef aldrei séð mína menn í úrslitaleik á Wembley og líklega er bara kominn tími til. Ég var ánægður með að þið hjá Víkurfréttum skylduð endurvekja tipleikinn og mér var ljúft og skylt að geta verið stuðningsaðili í honum. Ég hef fylgst með, veit að tveir Grindvíkingar eru inni í undanúrslitunum eins og sakir standa og Grétar Hjartar er þar pottþétt líka. Ég hélt með kollega mínum úr dómgæslunni, Magga á Réttinum, um daginn. Ég var strax farinn að spá í hverjum hann myndi mæta næst því það átti ekki að vera hægt að tapa fyrir aðila sem veit varla hvað getraunir snúast um, ég trúir varla ennþá að Maggi hafi tapað fyrir Antoni! Hver svo sem vinnur tipleikinn veit ég að viðkomandi á eftir að skemmta sér vel í þessari ferð og vonandi verð ég með í för.“

### Knattspyrnuþómgaesla

Sigggi æfði fótbolta þegar hann var í Englandi og hélt því áfram með Fjölni þegar hann var alkominn heim á skerið. Fljótlega varð honum ljóst að hann myndi ekki snúa aftur til England's vegna atvinnumennsku í fótbolta en hann gösloðist með upp í meistaraflokk en var þá líka byrjaður að þjálfa. Hann á stóran þátt í að kvennastarf í Fjölni varð til og er það blómlegt í dag. Eldri bróðir hans var byrjaður að dæma og það heillaði Sigga, honum óx ásmegin og dæmði í rúm tuttugu ár hér heima og um árabíl í Evrópu sem aðstoðardómari (línuvörður).

„Það var nýbúið að stofna Fjölni þegar ég flutti heim og ég fór „all-in“ í starfið má segja. Ég æfði og spilaði upp í meistaraflokk, var fljótlega farinn að þjálfa og á stóran þátt í að byggja kvennastarf upp hjá félaginu. Ég var búinn að vera dæma hjá Fjölni og fór svo á dómaramámskeið þegar ég var sautján ára. Ég helti mér af fullum krafti út í dómgæsluna þegar ég hætti sjálfur að æfa 22 eða 23 ára gamall og dæmði til ársins 2018, þá orðinn 43 ára gamall og fannst finn tímupunktur að hleypa yngri dómurum að. Ég tók flautuna síðan aðeins fram á COVID-tímanum. Það er margt eftirminnilegt frá ferlinum, ég flaggaði t.d. bæði á Anfield Road



Sigurður og Ryan Giggs, fyrrum leikmanni Manchester United.

og á Goodison og hjá mörgum af stærstu liðum Evrópu, enska landsliðinu o.fl. Ætli ég verði ekki að viðurkenna að eftirminnilegasti leikurinn hér heima hafi verið úrslitaleikurinn á milli FH og Stjórnunnar í Kaplakrika 2014,“ segir Sigggi.

### Mustad áfram kjölfestan

Þórleifur pabbi Sigga hafði verið að selja fisk í Englandi og hann hélt sig við sjávarútveginn eftir að fjölskyldan flutti heim, hann stofnaði m.a. Fiskifrætti, stofnaði íslensku sjávarútvegssýninguna og svo var hann kominn út í beitusölu og fljótlega voru feðgarnir komnir saman í rekstur.

„Pabbi var byrjaður að selja beitu, fyrirtækið hét Tobis og árið 2012 kom ég inn í reksturinn með honum. Fljótlega bauðst okkur að gerast umboðsaðili fyrir Mustad Autoline beitningarvélur. Við sinnum líka Grænlandi, það er talsverð línuútgerð þar, alltaf gaman að koma þangað. Ég myndi segja að Mustad sé eins og Rollsinn í beitningarvélunum, fyrirtækið er með starfstöðvar víða úti í heimi og eftir að ég tók alfarið við rekstrinum eftir að pabbi fór á eftirlaun hefur fyrirtækið heitið Mustad Autoline ehf. og við opnuðum í Grindavík. Sem betur fer gátum við komið okkur fyrir á Eyrartröðinni í Hafnarfirði eftir hamfarinar 10. nóvember. Við bjóðum í raun upp á allt sem viðkemur línuveiðum og erum líka byrjuð að selja net. Þá erum við með vinnufatnað og ýmislegt fleira. Við erum með aðila sem sinna viðhaldi á beitningarvélunum og við seljum beitu áfram, Mustad eru mjög framarlega á sviði beitu og eru komnir með pylsubeitu sem ýsan hefur einkar góða lyst á. Þeir sem þurfa að forðast þorskind vegna kvótastöðu og eru að elta við ýsu, fyrir þá er einkar hentugt að beita pylsunni. Þegar ég byrjaði í beitusölu þá var þetta mest síld, smokkur og sári en það hefur verið nokkur þróun í beitu á undanföllum árum. Ég flyt smokkinn mest inn frá Argentínu, síldina tek ég frá Íslandi en mesta beitauna flyt ég inn frá Mustad í Noregi. Við erum þeir einu sem bjóðum upp á svona pylsubeitu.

Ef þú spyrð mig hvar ég sjái Mustad fyrir mér eftir þrjú ár þá verður náttúran að ráða för, vonandi byggist Grindavík fljótt upp því þar hefur verið risalínuútgerð í gegnum árin og vonandi verð ég að þjónusta fleiri fyrirtæki vítt og breitt um landið. Ég á ekki von á öðru en Mustad verði áfram kjölfestan hjá mér eftir þrjú ár en hver veit hvar Njóttu ferðir verða þá,“ sagði Sigggi að lokum.



# Þróttarar í úrslitakeppnina

## Verður Þróttur með úrvalsdeildarlið í körfunni á næsta ári?

Þróttarar náðu þeim magnaða árangri að komast í úrslitakeppni 1. deildar karla í körfuknattleik á sínu fyrsta ári í næstefstu deild.

Þróttur hafnaði í sjöunda sæti deildarinnar og voru lengi vel í toppþarattu. Þróttarar mæta Sindra, liðinu í fjórða sæti, á úti-velli í fyrsta leik úrslitakeppninnar. Annar leikur liðanna verður leikinn 8. apríl og fer þá fram á heimavelli Þróttar (sem leikur heimaleiki sína í Sandgerði) og segja Þróttarar að þar verði engu til sparað.

Árangur Þróttar verður að teljast frábær en Þróttur er á sínu fyrsta ári í næstefstu deild. Körfuknattleiksdeild Þróttar hefur minna fjármagn á milli handanna en önnur lið í deildinni og er eina liðið í deildinni sem hefur ekki útlending innan sinna raða.



Sigurlíð Þróttar sem vann 2. deild á síðasta ári. Mynd af vef Þróttar Vogum

# Ljubicic semur við Skovde í Svíþjóð

Keflvíkingurinn Stefan Alexander Ljubicic mun ekki hrella markverði Lengjudeildarinnar í knattspyrnu í sumar heldur í B-deildinni í Svíþjóð en hann er genginn til liðs við Skövde.

Stefan er alinn upp í Keflavík en fór til enska liðsins Brighton árið 2016, hann kom heim 2019 og fór þá til Grindavíkur. Stefan lék síðan með KR og HK áður en hann kom aftur til Keflvíkinga fyrir síðasta keppnistímabil og skoraði þrjú mörk í Bestu deildinni og eitt í bikar.

Srdjan Tufegdzic, eða Tífa, er þjálfari Skövde en hann hefur þjálfað hér á landi, m.a. Grindvíkinga.



Vígalegur Stefan Alexander skallar að marki FH í leik Keflavíkur og FH á síðasta tímabili en hann skoraði eitt mark í leiknum. VF/JPK  
Á innfelledu myndinni er Stefan í búningi sænska liðsins sem hann birti á Facebook-síðu sinni.

# ISSI NOTAR STAFRÓFSKERFIÐ

Það var hnífjafn leikur um páskana á milli Antons Guðmundssonar frá Suðurnesjabæ og Magnúsar Einþórs Áskels-sonar, Magga Tóka. Þeir fengu báðir sjö leiki rétta en Maggi var með þrjá leiki rétta með leikjum með einu merki á móti tveimur leikjum Antons. Maggi því kominn áfram en Anton úr leik og er honum þökkuað þáttakan.

Sjö típparar, enginn frá Íslandi, nældu sér í rúmar 22 milljónir með því að fá alla þrettán leikina rétta. 239 típparar, þar af fimm Íslendingar, náðu tólf leikjum réttum og fékk hver rúmar 147 þúsund krónur í sinn hlut.

Áskorandi vikunnar er Grindvíkingurinn sem hefur lengi búið í Reykjanesbæ og er kenndur við fish & chips, Issi.

„Já, ég hef reynt af því að típpa, nota venjulega kerfi sem ég fann sjálfur upp, Stafrófskerfið. Það er þannig að liðið sem er á undan í stafrófinu vinnur leikinn, fyrir þá sem eru ekki enn búnir að kveikja þá tek ég hér dæmi; Arsenal - Tottenham fær merkið 1. Tottenham - Arsenal fær merkið 2. Ég tek þetta dæmi því ég er Tottenham-maður og sýni hér þá auðmýkt sem ég bý yfir en í mínum huga má ekki gilda nein ást í típpinu, bara í hjónabandinu. Ég er oft spurður að því hvenær X fer á seðilinn, það kemur þegar stutt er á milli liða í stafrófinu, t.d. Bristol City - Cardiff, ég myndi hikaust setja X á þannig leik. Svo er kannski gott fyrir mig að vera ekki með stafrófið á hreinu, þá koma X-in stundum inn. Þess

vegna er kjörið fyrir mig að mæta kennara. Maggi Tóka getur vonandi farið yfir stafrófið með mér og þó, þá fer mér kannski að ganga verr í típpinu en ég hef einu sinni fengið þrettán rétta, ekki nóg með það heldur var veglegur pottur því úrslitin voru óvænt, ég fékk fjórar kúlur í vasann. Ég kiki alltaf af og til í gula húsið í Grindavík og típpaði, við Hjalli bróðir vorum einu sinni í keppni og ég vann hann alltaf, notaði alltaf Stafrófskerfið. Ég mun nota það núna á móti Magga og veit að ég mun vinna, hann á ekki séns í mig. Ég hef aldrei farið á úrslitaleik ensku bikarkeppninnar og lít á þetta sem kjörið tækifæri til þess, ég ætla að skella mér með blaðamanni Víkurfrétta til London í lok maí. Þá verður allt komið á fullt skrið hjá mér í „Issi - Fish & Chips“, túristatímabilið verður þá komið á fullt og nóg að gera. Þetta hefur gengið vel síðan ég hóf rekstur árið 2017, stöðugur gangur en ég lenti í smá tjóni í byrjun mars. Það fór heitavatsnlogn hjá mér en ég er að verða búinn að koma öllu í toppstand og get ekki beðið eftir sumrinu,“ sagði Issi.

Maggi var ánægður með að komast áfram í tippaleiknum og ætlar sér alla leið. Ekki skemmdi heldur fyrir þegar hann frétti hverjum hann mætir í næstu umferð.

„He he he, gastu ekki fundið einhverjum betri en Issa til að mæta mér? Ég er viss um að hann þorir ekki að leggja rauðvínsflösku undir á móti mér en ég lýsi hér með yfir að ég þori því. Ég nenni samt ekki

## 1X2 „PRUMAD Á ÞRETTÁN“

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

að taka á móti einhverri ódýrri rauðvínsflösku frá Issa, þetta þarf að vera nokkuð gott vin. Ég var auðvitað ánægður með að vinna Anton, hann sýndi auðvitað að sólin skín stundum á hundsgrass, þegar hann vann hinn reynda Magga á Réttinum. Ég þóttist samt vita að ég myndi vinna Anton og kannski kom mér bara á óvart hversu jafn leikurinn var á milli okkar. Ég ætla ekki að hafa neina spennu í leiknum á móti Issa. Ég ætla að snýta mér á honum,“ sagði Maggi.



Magnús	Seðill helgarinnar	Issi
<input type="checkbox"/>	Brighton - Arsenal	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Aston Villa - Brentford	<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Fulham - Newcastle	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Wolves - West Ham	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Everton - Burnley	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Luton - Bournemouth	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Blackburn - Southampton	<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Cardiff - Hull	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Coventry - Leeds	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Huddersfield - Millwall	<input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Q.P.R. - Sheff. Wed.	<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Sunderland - Bristol City	<input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Watford - Preston	<input checked="" type="checkbox"/>



Kristinn er einn reyndasti dómari landsins og lætur leikmenn ekki komast upp með neitt múður. VF/JPK

# Einhverjir hafa kveinkað sér undan mér í gegnum tíðina

■ Kristinn Óskarsson dæmdi sinn tvö þúsundasta leik í Njarðvík en þar dæmdi Keflvíkingurinn líka sinn fyrsta leik

„Minnstæðast af öllu er fólkíð sem ég hef kynnst, bæði innan dómarahópsins og þátttakendur leiksins, gott fólk upp til hópa. Þá hefur mér þótt sérlega vænt um að kynnst öllum sjálfboðaliðunum allan hringinn í kringum landið. Frábært fólk og án þeirra gæti þetta ekki gengið,“ segir Kristinn Óskarsson, körfuknattleiksdómari, en Keflvíkingurinn dæmdi sinn tvö þúsundasta leik á vegum Körfuknattleikssambands Íslands í síðustu viku þegar UMFN og Haukar mættust í Subway-deild kvenna.

Kristinn er þriðji dómariinn í sögu KKÍ sem nær þessum áfanga en Rögnvaldur Hreiðarsson var fyrstur til að ná 2.000 leikjum og Sigmundur Már Herbertsson annar. Meðdómari Kristins í leiknum voru þeir Jón Þór Eyþórsson og Bjarni Rúnar Lárusson en þegar Bjarni fæddist hafði Kristinn dæmt í tvö og hálf ár.

Kristinn dæmdi sinn fyrsta leik þann 22. nóvember 1987, einmitt í Njarðvík í efstu deild kvenna en þá var lið Grindavíkur í heimsókn. Meðdómari Kristins var Jón Guðbrandsson. Lokatölur leiksins urðu 29:22 en eftir fyrsta leikhluta í Njarðvík í síðustu viku var staðan 29:17.

Það var ekki hægt að sleppa Kidda öðruvísi en að hann rifjaði upp eftirminnileg atvik og það stóð ekki á svari hjá kappanum.

„Ferillinn spannar núna 37 ár fyrir KKÍ. Ég hef verið gæfusamur og notið þess heiðurs að fá að dæma marga mikilvæga leiki. Einhver atvik úr leikjunum eru minnstæðast, eins og þegar Ermolinskij kyssti boltann í Borgarnesi, þegar fjórir Grindvíkingar mættu í leik

„Þá hefur mér þótt sérlega vænt um að kynnst öllum sjálfboðaliðunum allan hringinn í kringum landið. Frábært fólk og án þeirra gæti þetta ekki gengið ...“

á Ísafirði, fjórframlengdur leikur í Borgarnesi, fimmti leikur KR og UMFN 2009 og fimmti leikur Vals og Tindastóls 2023. Einvígi Vals og KR 2021 var erfiðasta sería sem ég hef dæmt.“

Það er freistandi að spyrja um hvaða leikmenn hafi röflað mest?

„Ég er þekktur innan hreyfingarinnar fyrir að halda uppi aga og reglu og hef margoft þurft að beita mér af hörku. Einhverjir hafa kveinkað sér undan mér í gegnum tíðina. Því finnst mér ávallt svo ánægjulegt að hitta leikmenn og þjálfara löngu síðar sem koma til mín brosandi og taka spjallið á góðu nótonum. Það sýnir þroska og skilning á hlutverki dómara í leiknum. Fyrir það þakka ég.“

En hvað ætlar þú að halda lengi áfram?

„Ég er þakklátur að hafa heilsu til að taka þátt og ég legg mig enn fram að reyna að vera betri í dag en í gær. Á meðan að svo er þá held ég áfram – en verandi kominn á minn aldur þá getur hver leikur verið sá síðasti svo ég reyni að njóta stundarinnar.“

# Störf í boði hjá Reykjanesbæ

- Akurskóli - Forstöðumaður frístundaskóla
- Akurskóli - Taler du dansk?
- Akurskóli - Proskapjálfi
- Leikskólinn Holt - Aðstoðarleikskólalastjóri
- Tjarnarsel - Deildarstjóri
- Umhverfismiðstöð - Sumarstörf
- Umhverfismiðstöð - Sumarstörf í skógrækt
- Umhverfismiðstöð - Umsjónarmaður sumarstarfa
- Velferðarsvið - Dagvalir aldraðra
- Velferðarsvið - Starfsfólk á heimili fatlaðra barna
- Velferðarsvið - Sumarstarf í íbúðarkjarna
- Velferðarsvið - Heima- og stuðningsþjónusta, sumarrafleysingar
- Velferðarsvið - Búsetuúrræði fyrir fatlaða
- Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.





# Ruglum ekki í rokkinu

Sumar hugmyndir eru einfaldlega verri en aðrar. Að ætla sér að færa bókasafn í tónlistarskóla hljómar eins og öruggur gullverðverðlaunahafi í keppninni um fjarstæðakennidustu hugmyndina. Þegar það svo bætist við að ætlunin sé að loka helsta flaggskipi menningararfs Bítla-bæjarins sjálfs, Rokksafni Íslands, þá fallast manni næstum hendur. Ég hef fylgst með þessu máli úr fjarlægð og minnir að ég hafi fyrst heyrt af þessu síðla árs 2022. Ég hef enn ekki heyrt, lesið eða rætt þetta við neinn sem þykir þessi hugmynd góð. Þetta er ekki pólitískt álitamál, þvert á móti sameinar þetta fólk alls staðar af hinu pólitíska litrófi í andstöðu við þessa vondu hugmynd.

Og þau sem málið varðar eru líka andsnúin hugmyndinni, sérstaklega bókasafnið sjálft sem fær ekki það pláss sem það þarf til framtíðar. Þannig lítur þetta út fyrir að vera einhver tímabundin millibils redding, sem er mjög vont fyrir alla, sérstaklega Rokksafnið sem

er einstakt á alla vegu og á miklu betra skilið en að vera vængstýft í einhverri skammsýnni, metnaðarlausri reddingu.

Bæjarstjórnarmeirihlutinn keyrði þetta í gegn, en virðist nú vera eitthvað að hopa. Vonandi, því það má alveg skipta um skoðun þegar hugmyndir eru svona vondar og illa séðar. Við 30 sekúnda „gúgg“ eru fyrirsagnir vægast sagt misvísandi:

- 4. mars er fyrirsögnin „Rokksafni Íslands verður lokað“ á mbl.is og vitnað í bæjarstjórnann sem segir „Já, safninu sem slíku verður lokað en það verður reynt að hafa einhverja muni og minjar frá Rokksafninu inni á milli á bókasafninu.“
- 20. mars er fyrirsögnin í Víkurfréttum hins vegar „Rokksafninu verður ekki lokað – segir formaður bæjarráðs“. Þar er vísað í viðtal Magnúsar Hlynns, fréttamanns á Selfossi sem spyr: „Er þetta þá bara einhver misskilningur, spurði Magnús Hlynur? „Ég veit það bara ekki, stundum skil ég bara ekki fréttaflutning

af svona toga en það er allavega einhver sem kys að segja söguna með þessum hætti, “segir Halldóra Fríða.”

- Svo bætist enn í þegar Víkurfréttir greina frá því 2. apríl að bæjarstjórnin sjálfur lýsi sig vanhæfan í öllu þessu máli þar sem hann er fyrrverandi skólustjóri Tónlistarskólans og hann óttist að „persónulegar skoðanir hans gætu truflað vinnuna“.

Sem sagt, bæjarstjórnin segir að það eigi að loka safninu 4. mars, formaður bæjarráðs að það eigi ekki að loka 20. mars, og síðan er álitamál hvernig lesa megi í tví-ræða yfirlýsingu bæjarstjórnans um hans persónulegu skoðanir. Ég leyfi mér samt að hafa trú á bæjarstjórnann og myndi veðja (lágri upphæð reyndar) að hann sem tónlistarmaður úr einni frægustu tónlistarfjölskyldu Bítla-bæjarins gæti frekar verið andvígur þessari vondu hugmynd. Ef ég hef rétt fyrir mér með það finnst mér málið enn alvarlegra og drifið áfram af naumum bæjarstjórnarmeirihluta.

LOKAORD



RAGNHEIÐAR ELÍNAR

Eða hvað? Hvað með orð formanns bæjarráðs, er hún kannski ekki hlynnt þessu lengur?

Punkturinn er þessi. Þetta er vond hugmynd sem hefur mjög lítinn stuðning. Það eru ýmsar aðrar leiðir til að leysa vanda bókasafnsins – eða öllu heldur vanda ráðhússins sem þarf bókasafnspláss.

Að eyðileggja Rokksafnið í Bítla-bænum er eins og að hætta með körfuboltaæfingar í Reykjanesbæ – einfaldlega fullkomlega galið. Vinnu saman að betri lausn. Og já – mínar innilegustu hamingju-óskir til bikarmeistara Keflavíkur kvenna og karla. Svona vinnast leikirnir – þegar liðið er samstillt.



Mundi

Hljómar eins og Ragnheiður Elín sé að rokka ...



## Hraunbreiðan orðin sex ferkílómetrar

Eldgosið við Sundhnúksgígaraöðina heldur áfram og nú eru tveir gígar virkir. Það slokknaði í þriðja gígnum um páskana, en hann var mun minni en hinir tveir. Væðustofan segir að gosorói sé áfram stöðugur.

Stofnunin greinir frá því að sérfræðingar Landmælinga Íslands hafi unnið úr gervitunglagögnum frá 27. mars sem sýna að hraunbreiðan var þá 5,99 ferkílómetrar og rúmmál

hrauns frá upphafi gossins þann 16. mars sé  $25,7 \pm 1,9$  millónir rúmmetra. Meðalflæði hrauns frá gígnum á tímabilinu 20. - 27. mars var metið  $7,8 \pm 0,7$  rúmmetrar á sekúndu en það er mjög sambærilegt við hraunflæðið í fyrsta fasa eldgossins í Geldingadölum 2021.

Landris í Svartsengi hefur ekki mælst síðustu daga sem bendir einkum til þess að kvikan safnist síður fyrir í kviku-

hólfinu undir Svartsengi en flæði frekar beint út um gosopin. Mögulega er komið á jafnvægi í aðstreymi kviku inn undir Svartsengi og upp úr gígnum, en jarðefnafræðimælingar gætu staðfest það á næstunni.

Myndina hér að ofan tók ljósmyndari VF, Ísak Finnbogason, af hraunbreiðunni frá eldgosinu um páskana. Nánar er fjallað um eldgosid við Grindavík á vf.is.

# VORDAGAR Í BETRI BÆ

## REYKJANESBÆ 4.-8. APRÍL

### TILBOÐ Í VERSLUNUM & Á VEITINGASTÖÐUM

